

**SKOÐUN** Bryndís Schram vill að íslenska geitastofninum verði bjargað. **16**



**MENNING** Kristinn Sigmundsson syngur í Íslensku óperunni. **28**



**LÍFIÐ** Jakob Jakobsson gerir upp grænlenskt ævintýri á Skólavörðustígnum. **42**



**SPORT** Garðbæingum hefur gengið vel í sumar þegar þeir lenda manni undir. **38**







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
**15. ágúst 2014**
190. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**LÍFIÐ**



**Af jaðrinum í ríkisstofnun**
Erna Einarsdóttir er nýráðinn listrænn stjórnandi íslenska dansflokksins. Hún á glæsilegan listamannsferil að baki og er margverðlaunuð fyrir verk sín á sviði danslistar.

**FRÉTTIR**

**Fleiri teknir dópaðir en ölvaðir** Það sem af er ári hafa fleiri ökumenn verið teknir undir áhrifum fíkniefna en áfengis. **2**

**Ekki hætta af mengun** Eftirlitsaðilar og bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð segja íbúum ekki stafa hætta af flúormengun frá álveri Alcoa. **4**

**Metfjöldi á landsbyggðinni** Íbúum utan Reykjavíkur hefur fjölgað hægt og bítandi síðustu ár. Ríflega 100 þúsund búa utan Reykjavíkur. **10**




**14**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Bolungarvík** | 10° | NA | 8 |
| **Akureyri** | 12° | SV | 3 |
| **Egilsstaðir** | 14° | SSV | 2 |
| **Kirkjubæjarkl.** | 13° | V | 4 |
| **Reykjavík** | 12° | SV | 3 |

**Rigning sunnan og vestan til** en þurrt austanlands fram eftir degi. Fremur hægur vindur en bætir í vind síðdegis. **4**

**3 SÉRBLÖÐ**

**Gleraugu | Lífið | Fólk**




# Tvö þúsund tonn óseld af lambakjöti fyrir sláturtíð

Minni sala á lambakjöti innanlands og utan skilar sér í stöðnun á afurðaverði til bænda. Fjölgun erlendra ferðamanna leiðir ekki af sér meiri neyslu lambakjöts. Lélegt grillsumar suðvestanlands kemur niður á sölu.

**LANDBÚNAÐUR** Tæplega tvö þúsund tonna birgðir af lambakjöti eru til í landinu í lok júlí. Það er 250 tonnum meira en í fyrra. Söluvæntingar hafa ekki gengið eftir, hvort sem er innanlands eða á erlendum mörkuðum.

Sauðfjárbændur hafa lýst yfir óánægju með litla hækkun á afurðaverðskrá tveggja sláturleyfishafa. Hækkunin á kíló af lambakjöti nemur tveimur krónum en verð fyrir annað kindakjöt stendur í stað á milli ára. Mikill afgangur af kjöti eftir slátrun síðasta árs er lítill hvati til að hækka afurðaverð til bænda.

„Það eru vonbrigði að það gangi ekki betur að selja og það helst í hendur að ef það gengur ekki vel að selja þá skilar það sér ekki til okkar í hærra afurðaverði,“ segir Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda.

Hann segir að markaðssetning á lambakjöti þurfi að verða mun öflugri en nú er. „Ég hugsa að ef Mjólkursamsalan væri með svipaða þróun í vörunúmerum og við, þá væru þeir næstum því bara að selja bláa mjólk. Við getum lært mikið af þeim.“

Samkvæmt Þórarni hafa erlendir markaðir ekki tekið við sér að því marki sem vonast var eftir. „Við höfðum væntingar um að það færi að opnast eitthvað varðandi fríverslunarsamninginn við Kína og einnig að það liðkaðist til varðandi til dæmis Spán en það hefur bara ekki orðið enn. Um 2010 fór mikið til Spánar og Bretlands en það virðist vera þyngra á þeim bænum núna. Það hangir saman við það hvernig fjárhagur almennings á þeim svæðum er.“

Ágúst Andrésson, formaður Landssamtaka sláturleyfishafa, segir að ekki sé við erlenda markaðinn að sakast. „Það hefur komið niður á okkur núna að hafa ekki haft nógu gott grillsumar annað árið í röð í bænum. Það er fljótt að segja til sín í sölu. Það lítur ágætlega út með erlendu markaðina en innlendi markaðurinn er ekki jafn sprækur og hann þyrfti að vera þrátt fyrir alla ferðamennina. Menn þurfa að fara í meiri markaðsvinnu þar.“ - ssb / sjá síðu 6



**„Ef Mjólkursamsalan væri með svipaða þróun í vörunúmerum og við þá væru þeir næstum því bara að selja bláa mjólk.**

*Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda.*



**GENGIÐ NIÐUR LAUGAVEG** Djasshátíð í Reykjavík hófst í gær og stendur fram í næstu viku. Af því tilefni var farin skrúðganga niður Laugaveg og að Hörpu þar sem allir helstu viðburðir hátíðarinnar fara fram. Margir af helstu djassleikurum landsins fóru fyrir skrúðgöngunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ný hlið á Unnsteini Manuel:

## Leikur í nýjustu mynd Sveppa

**KVIKMYNDIR** „Þetta er nú reyndar bara lítið hlutverk sem ég er með en ég fékk allavega búning,“ segir tónlistarmaðurinn Unnsteinn Manuel Stefánsson en hann fer með hlutverk í nýjustu mynd Sverris Þór Sverrissonar, Algjör Sveppi og Gói bjarga málunum.



**UNNSTEINN MANUEL**

Um er að ræða frumraun Unnsteins Manuels í kvikmyndaleik og kann hann vel við sig í leikarastarfinu.

„Unnsteinn Manuel stóð sig eins og hetja og gerði það sem honum var sagt, það eru ekkert allir sem gera það sem þeim er sagt,“ segir Sveppi og hlær. glp / sjá síðu 36






Stjórnvöld leita leiða til að svara ákalli framkvæmdastjóra NATO um framlög:

## Vilja auka við framlag til NATO

**UTANRÍKISMÁL** „Við erum hluti af þessum félagsskap og tökum á okkur vissar skuldbindingar. Það eru ríki að reyna að ná því markmiði að verja tveimur prósentum af þjóðarframleiðslu í varnarmál, þó að ég segi ekki að við eigum að stefna þangað, en við eigum að sjálfsögðu að reyna að auka framlögin sé þess óskað, og ef við mögulega getum,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra um ákall Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóra NATO, um aukið framlag Íslands til NATO.



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**

Um þetta segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra að íslensk stjórnvöld séu mjög meðvituð um ábyrgð sína í öryggis- og varnarmálum.

„Fram undan er leiðtogafundur bandalagsins í Wales og við munum í aðdraganda þess fundar fara yfir okkar stöðu og hvar við gætum mögulega bætt í, og þá með hliðsjón af stöðu ríkisfjármála,“ segir Sigmundur. -shá / sjá síðu 8







## SPURNING DAGSINS



Jóhannes, er þetta kúvending?

**„Það er ekki hægt að neyta/neita því.“**
Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, viðraði ýmis viðbrögð vegna þess að fimmtungur af nautakjöti á markaði er innfluttur.

Landsnet segir að orkubú verði að upplýsa viðskiptavini um straumrof:

# Stendur ekki upp á Landsnet

**ATVINNUMÁL** Ljóst mátti vera frá því í vor að rof yrði hjá Kalkþörungaverksmiðjunni á Bíldudal segir Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets, en framkvæmdastjóri Kalkþörungaverksmiðjunnar gagnrýndi að hann vissi með tveggja vikna fyrirvara að flutningur til verksmiðjunnar yrði skertur svo vélar standa straumlausar yfir daginn.

„Landsnet gefur út ársáætlun 1. mars um viðhald ársins sem send er öllum viðskiptavinum Landsnets,“ segir Þórður. „En Kalkþörungavinnslan er ekki í þeim hópi, heldur er hún viðskiptavinur Orkubús Vestfjarða.“

Halldór Magnússon, framkvæmdastjóri veitusviðs hjá Orkubúi Vestfjarða, segir að undanfarin ár hafi þurft að koma til skammtana eins og þessarar vegna viðgerða. Hann segir að eflaust megi bæta upplýsingaflæði milli allra aðila. „Ég mun leggja það til að allir aðilar fundi að vori svo að allt svona liggi fyrir,“ segir hann. -jse



**FRÁ ORKUBÚI VESTFJARÐA** Forsvarsmenn Orkubúsins, Landsnets og Kalkþörungaverksmiðjunnar eru sammála um að auka samvinnu og upplýsingaflæði sín á milli. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þjáðist af þunglyndi og kvíða:

# Williams var með Parkinsons

**BANDARÍKIN** Bandaríski leikarinn Robin Williams, sem fyrirfór sér fyrr í vikunni, var með Parkinsons-sjúkdóminn á frumstigi. Þessu greindi Susan Schneider, ekkja Williams, frá í gær.

Schneider sagði jafnframt að Williams hefði verið allsgáður þegar hann fyrirfór sér en hann hefði þjáðst af þunglyndi og kvíða um langa hríð.

Hún vonar að sviplegt fráfall Williams verði til þess að fólk leiti sér hjálpar í erfiðleikum -ih



**SILFURREYNIRINN ER FRÁ 1908** Nú liggur fyrir að þetta glæsilega tré, sem stendur við Grettisgötu, verður ekki fellt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Borgaryfirvöld samþykktu málamiðlun í deilu á Grettisgötu:

# Silfurreynirinn fær að standa

**„Við erum sátt með þetta fyrirkomulag,“ segir Eiríkur Kristinn Jónsson, einn íbúa við Grettisgötu. Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur hefur ákveðið að 106 ára silfurreynir, sem til stóð að fella vegna hótelbyggingar á Laugavegi, fái að standa.**

**Borgaryfirvöld samþykktu í vikunni málamiðlunartillögu sem eigendur lóðarinnar sem tréð stendur á höfðu lagt fram. Borgin mun finna tveimur friðuðum húsum á lóðinni nýjan samastað og tréð fær að standa óáreitt. Í staðinn verður hluti nýbyggingarinnar við Laugaveg hækkaður um eina hæð.**

**„Það hefur svo sem ekki bein áhrif á skuggavarp á okkar svæði,“ segir Eiríkur. „Ekki eins og það hefði gert að færa þessi tvö hús fram fyrir.“ -bá**

Forsætisráðherra Íraks fer:

# Malíki víkur

**ÍRAK** Nouri al-Malíki, forsætisráðherra Íraks, hefur ákveðið að víkja fyrir Haider al-Abad sem taka mun við embætti hans á mánudag. Þetta var tilkynnt í íraska ríkissjónvarpinu í gærkvöldi.

Eftirmaðurinn hefur þá, samkvæmt stjórnarskrá landsins, mánuð til þess að mynda nýja ríkisstjórn.

Mikið hefur mætt á Malíki og stjórn hans en hún á í höggi við her Íslamska ríkisins sem hefur lagt undir sig mestan norðurhluta landsins.

Forsætisráðherrann fráfarandi hefur verið undir þrýstingi um nokkurn tíma að stíga til hliðar. - jse

Sýrland missti netsamband:

# Segir NSA hafa valdið netleysi

**BANDARÍKIN** Edward Snowden segir að bandaríska þjóðaröryggisstofnunin (NSA) hafi valdið því að netsambandslaust varð í Sýrlandi um tveggja daga skeið árið 2012.

Hingað til hefur verið talið að annaðhvort stjórn Assads Sýrlandsforseta eða uppreisnarmenn hafi borið ábyrgð á netleysinu.

Snowden fullyrðir hins vegar að starfsmenn NSA hafi reynt að koma fyrir hugbúnaði sem gert hefði þeim kleift að fylgjast með megninu af netsamskiptum í Sýrlandi. Aðgerðin hafi farið úr böndunum með fyrrgreindum afleiðingum. -ih

# Fleiri teknir dópaðir en ölvaðir við stýrið

Það sem af er ári hafa fleiri ökumenn verið teknir undir áhrifum ávana- og fíkniefna en ölvaðir á höfuðborgarsvæðinu. Samgöngustofu er vandi á höndum. Þeim tilfellum fjölgar ört þar sem ávana- og fíkniefni koma við sögu í umferðarslysum.

**UMFERÐ** „Jafnan hafa mun fleiri verið teknir vegna ölvunar við akstur heldur en aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna, en bilið hefur minnkað síðustu ár og ef fram heldur sem horfir stefnir í að í árslok verði þessu öfugt farið í fyrsta sinn,“ segir Snorri Örn Árnason, félagsfræðingur hjá upplýsinga- og áætlanadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Guðbrandur Sigurðsson, yfirmaður umferðardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir þetta þó ekki bestu mælistikuna til að meta fjölda þeirra sem aka undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Til þess væri betra að líta til fjölda þeirra umferðaróhappa þar sem ávana- og fíkniefni koma við sögu. Þar er Bakkus reyndar fyrirferðarmeiri enn sem komið er en þeim tilfellum þar sem ávana- og fíkniefni koma við sögu í umferðarslysum fjölgar ört. Reyndar eru þau meira en helmingi fleiri á fyrri helmingi þessa árs en á sama tíma í fyrra.

Þróunin virðist því blasa við og þau á Samgöngustofu hafa vissulega áhyggjur af henni. Það er þó ekki vandalaust að blása til átaks enda getur það valdið undrun ef fólk, sem þegar er að brjóta lög í þeim tilfellum þegar um fíkniefni er að ræða, er beðið um að sýna skynsemi og aka ekki. „Fíkniefnaneysla er í sjálfu sér ólöglegt athæfi sem vandi hefur reynst að bregðast við, hvað þá þegar akstur undir áhrifum bætist við,“ segir Þórhildur Elínardóttir, upplýsingafulltrúi á Samgöngustofu. „Í þeim tilgangi að sporna gegn þessari óheillaþróun vill Samgöngustofa leggja aukna áherslu á samvinnu um þetta málefni, sérstaklega við til að mynda lögreglu og landlækni en einnig safna gögnum og upplýsingum um þær aðferðir sem reyndar hafa verið hjá öðrum þjóðum.“

jse@frettabladid.is



**BLÁSIÐ Í ÁFENGISMÆLINN** Ölvunarakstur hefur verið eitt mesta áhyggjuefni umferðarlögreglu en nú virðist ekki síður algengt að menn aki undir áhrifum ávana- og fíkniefna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Undir áhrifum í umferðinni

| | Teknir undir áhrifum ávana- og fíkniefna | Teknir ölvaðir |
|---|---|---|
| **2011** | 338 | 475 |
| **2012** | 435 | 491 |
| **2013** | 428 | 514 |
| **2014** | 628 | 509 |
| **Umferðaróhöpp þar sem ávana- og fíkniefni koma við sögu vs. ölvun** | | |
| **2011** | 33 | 68 |
| **2012** | 36 | 69 |
| **2013** | 20 | 71 |
| **2014** | 48 | 56 |

**Umferðaróhöpp fyrri helming ársins í ár: 231**

*Tölur fyrir fyrri helming áranna.*
*Heimild: Afbrotatölfræði 2014. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.*






Sjö hundruð milljóna króna halli var á rekstri ríkissjóðs á árinu 2013:

# Vænlegri staða en búist var við

**EFNAHAGSMÁL** 732 milljóna króna halli var á rekstri ríkissjóðs árið 2013 sem er mun betri afkoma en gert var ráð fyrir. Reiknað hafði verið með halla upp á 19,7 milljarða króna en virðisaukning á hlut ríkisins í Landsbankanum gerði það að verkum að tekjur ríkissjóðs urðu mun meiri en búist var við.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í uppgjöri ríkisreiknings fyrir árið 2013 sem birt er á vef fjármálaráðuneytisins. Ríkisreikningur fyrir árið 2012 sýndi tekjuhalla að upphæð 35,8 milljarðar króna.

Tekjurnar árið 2013 voru 31,7 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir og gjöldin 12,8 milljörðum króna hærri. Frumjöfnuður ársins er jákvæður um 57,2 milljarða króna en gert var ráð fyrir að hann yrði jákvæður um rúma 36 milljarða króna.

Þessi frávik frá áætlunum skýrast að stórum hluta af óreglulegum liðum þar sem munar mest um 24,9 milljarða króna tekjufærslu vegna virðisaukningar á eignarhluta ríkissjóðs í Landsbankanum hf. og 11,9 milljarða hærri afskriftir skattkrafna en gert hafði verið ráð fyrir.

Árið 2013 var lánsfjárþörf upp á 1,7% af landsframleiðslu samanborið við 3,6% árið á undan. - ktd



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Bjarni Benediktsson hafði ástæðu til að gleðjast yfir ríkisreikningi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Til hamingju Sel – Hótel Mývatn

Landsbankinn býður *Sel – Hótel Mývatn* í Mývatnssveit velkomið í viðskipti. *Sel – Hótel Mývatn* er 35 herbergja heilsárshótel á fallegum stað við sunnanvert Mývatn. Landsbankinn annaðist endurfjármögnun hótelsins og mun fjármagna fyrirhugaða stækkun þess en á næsta ári bætast 23 herbergi við. Landsbankinn er öflugur og traustur samherji og leiðandi í lánveitingum til ferðaþjónustufyrirtækja.

**1.970** fermetrar

**35** hótelherbergi

**35** starfsmenn yfir sumar

**68** rúm




**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

## SVONA ERUM VIÐ



**2.333** **íbúar voru í Hveragerði í ársbyrjun.**

**Þeir voru 1.760 þann 1. janúar 2000.**

Greining Veiðimálastofnunar staðfestir að laxinn sem fenginn var úr ósi Ósár í Vesturbyggð er norskur:

# Norskur lax veiðist enn þá fyrir vestan

**DÝRALÍF** „Það er náttúrulega mjög gott að geta skroppið ókeypis í lax aðeins tíu mínútum frá bænum,“ segir Páll Janus Traustason, íbúi á Patreksfirði, sem hefur verið duglegur við að nýta sér það að í rúman mánuð hefur verið hægt að veiða lax í ósum Ósár.

Nú hefur Veiðimálastofnun gert greiningu á fiskinum og staðfest að þarna er um norskan lax að ræða. Mestar líkur benda því til þess, rétt eins og talið var strax í upphafi, að þarna fari hluti af þeim 200 löxum sem sluppu úr kvíum Fjarðarlax í nóvember síðastliðnum.

Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri auðlindasviðs Veiðimálastofnunar, segir að laxarnir hafi haft alla burði til að hrygna í haust. „Reynslan frá öðrum þjóðum sýnir okkur líka að það gengur illa að koma í veg fyrir að eldisfiskar sleppi og að þeir eigi það til að blandast villtum stofnum,“ segir hann. Hann bætir þó við að enn sé mörgum spurningum ósvarað svo hægt sé að segja hvaða áhrif þetta geti haft hér á landi.

En Patreksfirðingar njóta á meðan er og ekki aðeins heimamenn því Páll Janus segir að ferðamenn séu farnir að gera sér ferð að ósnum, vopnaðir veiðistöng. Reyndar segir hann að laxinn sé orðinn aðeins tregari. Hann hefur þó aldeilis verið búbót fyrir margan manninn því norski laxinn sem veiðst hefur í sumar er frá átta upp í þrettán pund að sögn Páls Janusar. **-jse**



**VEIÐA Í SOÐIÐ** Þau Gústaf Gústafsson og Rannveig Haraldsdóttir hafa hér landað einum vænum í laxafjörinu við ósa Ósár við Patreksfjörð. MYND/PÁLL JANUS

Breytingar á akstri fatlaðra:

## Bætt þjónusta við fatlaða íbúa

**SAMGÖNGUR** Stefnt er að því að akstursþjónusta við fatlaða íbúa höfuðborgarsvæðisins muni batna þegar Strætó tekur þjónustuna yfir um áramótin.

„Eftir áramót verður hægt að panta akstur með tveggja tíma fyrirvara á aksturstíma Strætó eða til klukkan tíu á kvöldin,“ segir Smári Ólafsson, sviðsstjóri akstursþjónustu Strætó. „Í dag þarf að panta bíl með dags fyrirvara á opnunartíma þjónustuversins,“ segir Smári.

Nýir bílar verða teknir í notkun til að sinna þjónustunni en Smári segir marga þeirra sem nú eru í notkun komna til ára sinna. **-ih**



**BÍLALESTIN** Óvíst var í gær hvert lestin færi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússnesk bílalest nálgaðist:

## Úkraínustjórn tortryggin

**ÚKRAÍNA, AP** Úkraínustjórn hélt í gær áfram að furða sig á rússneskri bílalest sem ekið var í áttina til Úkraínu. Rússar segjast vera að flytja hjálpargögn til Úkraínu, en bílalestin virtist stefna í áttina að þeim svæðum austanverðrar Úkraínu sem uppreisnarmenn hafa á valdi sínu.

Úkraínustjórn óttast að Rússar ætli að aðstoða uppreisnarmennina, og hótar að loka landamærunum þegar lestin kemur þangað.

Rauði krossinn gat í gær ekki staðfest hvert för Rússanna væri heitið, en sagði viðræður vera í gangi. **-gb**



**ÁLVERIÐ Í REYÐARFIRÐI** Umhverfisstofnun hefur fylgst með þróun flúormengunarinnar frá árinu 2012 þegar losun álversins fór yfir leyfileg mörk samkvæmt starfsleyfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐ

# Segja íbúum ekki stafa hætta af menguninni

**Eftirlitsaðilar og bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð segja íbúum ekki stafa hætta af flúormengun frá álveri Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Flúor í grasi hefur verið yfir viðmiðunarmörkum í sumar. Fólki samt ráðlagt að skola matjurtir úr firðinum vel.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Miðað við þau svör sem við fengum varðandi þessar mælingar þá er ekki hætta á ferðum fyrir mannfólk vegna flúorlosunarinnar,“ segir Eiður Ragnarsson, formaður eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar Fjarðabyggðar.

Nefndin fundaði á mánudag um áhrif flúormengunar frá álveri Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði með fulltrúum Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar. Þar var farið yfir niðurstöður mælinga Umhverfisstofnunar. Þær sýna að flúor í grasi hefur verið yfir viðmiðunarmörkum í sumar á nokkrum stöðum utan þynningarsvæðis álversins, þriðja árið í röð.

„Það hafa farið fram fjórar mælingar af sex í grasi og fyrstu niðurstöðurnar sem komu í júní voru töluvert háar. Þessi háu gildi hafa farið lækkandi í júlí,“ segir Sigríður Kristjánsdóttir, teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun. Hún segir veðurfar í júní hafa leitt til aukinnar uppsöfnunar flúors á nokkrum stöðum í firðinum.

„Þótt mælingarnar hafi vissulega verið vonbrigði, og öll gildi verið hærri og allt of há í raun og veru, þá eru öll meðaltöl og viðmiðunarmörk undir því sem getur talist hættulegt mannfólki. Ein mæling á einum stað segir ekki alla söguna og er ekki stóri dómur í þessu,“ segir Eiður.

Í frétt sem birtist á vef Matvælastofnunar í fyrradag er tekið fram að ástæða sé til að skola vel matjurtir úr Reyðarfirði. Styrkur flúors í blöðum plantna og í andrúmslofti hafi hækkað en niðurstöður eftirlits sýni þó að fræ, ber og rætur innihaldi lítið magn. Því sé ekkert því til fyrirstöðu að nýta matjurtirnar. Einnig er tekið fram að engin hætta stafi af neyslu afurða dýra sem alin eru á svæðinu. Síðasta haust mældist flúor í sauðfé frá bænum Sléttu í Reyðarfirði rétt undir hættumörkum.

> **Miðað við þau svör sem við fengum varðandi þessar mælingar þá er ekki hætta á ferðum fyrir mannfólk vegna flúorlosunarinnar.**
>
> *Eiður Ragnarsson, formaður umhverfisnefndar.*

Í bókun umhverfisnefndar Fjarðabyggðar um fundinn á mánudag segir að fréttaflutningur af flúormælingum í Reyðarfirði hafi „ítrekað og að nauðsynjalausu vakið áhyggjur hjá íbúum í Fjarðabyggð“.

„Fréttir af þessum mælingum hafa vakið umtal og vangaveltur um það hvort starfsemi fyrirtækisins sé að ganga eins og eðlilegt þætti eða hvort það sé eitthvað sem þarf að laga. Því verður haldinn fundur í haust með íbúum þar sem farið verður yfir þessar mælingar og niðurstöður þeirra,“ segir Eiður.

**haraldur@frettabladid.is**



**KANSLARINN** Merkel hefur ástæðu til að brosa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skuldir Þýskalands lækka:

## 30 milljarða evra lækkun

**ÞÝSKALAND** Skuldir hins opinbera í Þýskalandi lækkuðu á síðasta ári í fyrsta sinn frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Skuldirnar lækkuðu um 1,5 prósent eða um þrjátíu milljarða evra. Skuldalækkunin er komin til vegna sölu svokallaðra „eitraðra eigna“ úr ríkisreknum bönkum ef marka má frétt Reuters um málið.

Skatttekjur þýska ríkisins hafa aldrei verið meiri í kjölfar stöðugs hagvaxtar og lítils atvinnleysis undanfarin ár. **-ih**

Teitur mun aðstoða ráðherra:

## Bjarni bætir við aðstoðarmanni

**STJÓRNMÁL** Teitur Björn Einarsson hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra. Teitur er lögfræðingur að mennt sem starfað hefur á lögmannsstofunni OPUS frá árinu 2011.



**TEITUR BJÖRN EINARSSON**

Með ráðningunni hefur ráðherra nú tvo aðstoðarmenn sér við hlið. Svanhildur Hólm hefur verið aðstoðarmaður Bjarna síðastliðin tvö ár.

Teitur, sem einnig er liðtækur píanóleikari, hóf störf í fjármálaráðuneytinu í gær. **-ktd**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 28° | Friedrichshafen | 16° | New York | 25° |
| Aþena | 36° | Gautaborg | 20° | Orlando | 31° |
| Basel | 23° | Kaupmannahöfn | 20° | Ósló | 21° |
| Berlín | 21° | Las Palmas | 26° | París | 20° |
| Billund | 21° | London | 20° | San Francisco | 20° |
| Frankfurt | 17° | Mallorca | 29° | Stokkhólmur | 22° |




**Á MORGUN** Strekkingur með V- og A-ströndinni fram eftir degi.




**SUNNUDAGUR** Hæg breytileg átt.

**SÓL Í KJÖLFAR RIGNINGAR DAGSINS.** Nú gengur lægð yfir landið með tilheyrandi úrkomu en þegar styttir upp má gera ráð fyrir björtu veðri sem gæti haldist fram í næstu viku. Heldur verður þó svalt á landinu aðfaranótt sunnudags.



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




# **Besti** *smábíllinn - aftur...*

**Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn árið 2013 og nú aftur árið 2014 af sérfræðingum virta bílablaðsins Bilmagasinet.**

Evrópubúar eru sammála þessari niðurstöðu því síðustu tvö ár hefur Ford Fiesta selst betur en nokkur annar smábíll í Evrópu. Hann höfðar jafnt til þeirra sem meta akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi. Komdu og prófaðu þennan snilldar bíl.

FORD **FIESTA**

BEINSKIPTUR
FRÁ **2.450.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR
FRÁ **2.790.000** KR.

Ford

ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Kynntu þér nánar mest selda smábíl Evrópu:
Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur (bæði sjálfskiptur og beinskiptur). Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!
Ford Fiesta, bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Ford Fiesta ST, EcoBoost bensín 182 hö, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. $CO_2$ 138 g/km. Kraftaútgáfan Fiesta ST hefur nú þegar hlotið 22 alþjóðlegar viðurkenningar.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða verksmiðja býr við rafmagnstruflanir yfir daginn næstu daga?
**2.** Hver er framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins?
**3.** Hver er núverandi bankastjóri Seðlabankans?

**SVÖR**
1. Íslenska kalkþörungafélagið á Bíldudal.
2. Anders Fogh Rasmussen.
3. Már Guðmundsson.

Formaður Félags kartöflubænda spáir níu þúsund tonna uppskeru og heldur að hún muni ekki duga:

# Stefnir í betri kartöfluuppskeru en í fyrra

**LANDBÚNAÐUR** „Ég held að þetta verði alveg sæmilega gott ár en ég hef ekki trú á því að þetta muni duga landinu,“ segir Bergvin Jóhannsson, formaður Félags kartöflubænda, um uppskeru sumarsins.

Bergvin spáir að uppskeran verði betri í ár en í fyrra þegar hún var einungis um sjö þúsund tonn. Kartöflubændur hafi talið þau ár góð þegar magnið var nær 12 til 13 þúsund tonnum.

„Það er það mikið eftir af sprettutímanum að það er ekki hægt að segja til um hvernig þetta mun enda fyrr en í septemberlok. En ég spái að það verði um níu þúsund tonn,“ segir Bergvin.

Kartöflur eru að hans sögn ræktaðar á Eyjafjarðarsvæðinu, í Hornafirði og Þykkvabæ.

„Það er óljóst með Þykkvabæinn. Sprettan þar er ekki orðin nálægt því nógu góð vegna bleytu og sólarleysis í sumar. Uppskeran í fyrra var mjög slæm og þá sérstaklega í Þykkvabænum og rétt undir meðallagi norðanlands en ágæt í Hornafirði.“

Bergvin segir suma kartöflubændur sem ræktuðu undir dúk hafa getað selt beint í verslanir í kringum 20. júlí síðastliðinn.

„Það sem er sett undir dúk er alltaf dálítið á undan en það er bara svo dýr ræktun að menn geta ekki nýtt það nema að litlu leyti.“ - hg



**INNAN UM GRÖSIN** Bergvin Jóhannsson ræktar kartöflur á bænum Áshóli í Grýtubakkahreppi.



**LITLA-HRAUN** Nefndarmenn munu hitta Margréti Frímansdóttur, forstöðumann á Litla-Hrauni, í dag.

Hitta fangelsismálastjóra:

## Allsherjarnefnd á Litla-Hraun

**ALÞINGI** Nefndarmenn í allsherjar- og menntamálanefnd munu heimsækja fangelsin Litla-Hraun og Sogn í dag.

„Við munum hitta fanga úr Afstöðu, félagi fanga. Auk þess mun Margrét Frímannsdóttir, forstöðumaður á Litla-Hrauni, sýna okkur aðstöðuna,“ segir Páll Valur Björgvinsson, varaformaður allsherjar- og menntamálanefndar.

„Síðan förum við á Hólmsheiði með Páli Winkel fangelsismálastjóra að skoða hvernig bygging fangelsisins þar gengur,“ segir Páll Valur. -ih

Heilsugæslan á Akureyri:

## Ríkið tekur yfir heilsugæsluna

**AKUREYRI** Heilbrigðisráðherra hefur á fundi með bæjarráði Akureyrar tilkynnt að ríkið muni taka aftur við rekstri Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri (HAK) með sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi.

Allt frá árinu 1997 hefur Akureyrarbær rekið heilsugæsluna, fyrst sem reynslusveitarfélag en síðustu ár samkvæmt þjónustusamningi við ríkið.

Bæjarráð Akureyrar harmar þessa niðurstöðu ráðherra og telur að nærþjónustu af þessu tagi sé best valinn staður sem næst íbúum sveitarfélagsins. -sa

# Ferðamenn áhugalitlir um lambakjöt

Rigningasumar á höfuðborgarsvæðinu hefur áhrif á sölu lambakjöts því tækifærin til að grilla eru mun færri. Hvalveiðar Íslendinga hafa haft neikvæð áhrif á sölu lambakjöts í Bandaríkjunum. Ekki of mikið framleitt af kjöti, segja bændur.

**LANDBÚNAÐUR** Samkvæmt nýjustu tölum um sölu á lambakjöti eru um tvö þúsund tonn af kjöti óseld frá síðustu slátrun. Slátrun er nú hafin fyrir útflutning en fer svo á fullt með haustinu fyrir innanlandsmarkað. Á sama tíma í fyrra voru 1.750 tonn útistandandi.



**ÞÓRARINN INGI PÉTURSSON** Formaður Landssamtaka sauðfjárbænda.

Fréttablaðið greindi frá því á þriðjudag að innflutningur á nautakjöti hefði tífaldast á milli ára. Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, segir að sú staðreynd sé áhyggjuefni fyrir sauðfjárbændur. „Okkur finnst þessi heildarmynd vera skökk. Við náum ekki að fylla það tómarúm sem kemur varðandi skort á nautakjöti og þá erum við væntanlega ekki að standa okkur í markaðssetningu og vöruþróun á lambakjöti.“

Hann segir að sláturleyfishöfum hafi ekki tekist nægilega vel að kynna lambakjötið fyrir erlendum ferðamönnum þrátt fyrir mikla fjölgun þeirra. „Erlendir ferðamenn eru að borða hitt og þetta en ég tel að við séum ekki að kynna lambakjötið þannig að við séum að laða ferðamanninn að diskinum. Sláturleyfishafar þurfa að hugsa dæmið upp á nýtt.“

Sala á lambakjöti hefur þótt ganga ágætlega í Bandaríkjunum. Nýlega greindi Bændablaðið þó frá því að matvælakeðjan Wholefoods hefði ákveðið að auglýsa ekki íslenskt lambakjöt vegna afstöðu íslenskra stjórnvalda til hvalveiða. Allir viðmælendur Fréttablaðsins voru sammála því að auglýsingabann Wholefoods hefði haft áhrif á söluna erlendis.



**Á LEIÐ Í SLÁTURHÚSIÐ** Venjan hefur verið að sláturhúsin taki við öllu því kjöti sem bændur vilja koma til slátrunar. Það getur leitt til offramleiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SINDRI SIGURGEIRSSON** Formaður Bændasamtakanna.



**SIGURÐUR EYÞÓRSSON** Framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda.

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, hvatti bændur til að auka við framleiðslu sína þegar hann sat sem formaður Landssamtaka sauðfjárbænda. Hann telur vandann ekki liggja í offramleiðslu á lambakjöti. „Ég tel að það hafi ekki verið misráðið af mér. Möguleikarnir í sauðfjárræktuninni liggja í því að gera lambakjöt að útflutningsvöru.“

Sláturleyfishafar hafa verið að sækja inn á Rússlandsmarkað á síðastliðnum þremur árum. Ágúst Andrésson, formaður Landssamtaka sláturleyfishafa, hefur ekki áhyggjur af því að nýlegar sviptingar í tengslum við Rússland muni hafa áhrif á markaðinn. „Ég trúi því að Íslendingar fari ekki að blanda einhverjum viðskiptasamningum í milliríkjadeilur. Við erum búin að leggja mikið í markaðsstarf og það hefur kostað fullt af peningum. Það væri mjög dapurt ef við næðum ekki að njóta ávöxtunar af því starfi,“ segir Ágúst.

Viðmælendur Fréttablaðsins telja jafnframt allir að rigningasumar á suðvesturhorninu hafi áhrif á sölutölurnar. „Veðrið hefur leikið okkur grátt á þessu stærsta markaðssvæði,“ segir Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda. snaeros@frettabladid.is



**HAFNARFJÖRÐUR** Samingarnir eru gerðir til að takmarka gengisáhættu.

Bæjarráð samþykkir lán:

## Takmarka gengisáhættu

**HAFNARFJÖRÐUR** Bæjarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum í gær lánasamninga við Íslandsbanka um gjaldeyrisvarnir vegna erlendra skuldbindinga bæjarins. Samningarnir eru gerðir til þess að takmarka gengisáhættu bæjarins.

Sams konar samningar hafa verið gerðir áður við lánardrottna Hafnarfjarðarbæjar, bæði fyrir og eftir hrun.

Fulltrúar minnihlutans studdu gerð fyrirliggjandi samnings, enda er hann í samræmi við áætlun fyrri meirihluta um endurfjármögnun erlendra lána og hluti af þeirri undirbúningsvinnu sem unnin var síðastliðinn vetur. -sa

Kjörsókn ungs fólks lítil:

## Fleiri konur kjósa en karlar

**KOSNINGAR** Fleiri konur kusu í borgarstjórnarkosningunum síðastliðið vor en karlar, eða 64 prósent á móti 62 prósentum. Konur voru meirihluti kjósenda allt fram að aldursbilinu 75-79 ára.

Skrifstofa borgarstjórnar tók saman tölur um kjörsókn eftir aldri. Tölurnar sýna að kjörsókn ungs fólks í kosningunum var lítil en meðalkjörsókn næst á aldursbilinu 40-44 ára og síðan fer hún hækkandi fram að bilinu 75-79 ára. -ebg






# ENNÞÁ HITI Í GRILLUNUM!

Síðustu forvöð að ná sér í grill á góðu verði á grillmarkaði Ellingsen

**3 MÁNAÐA LÉTT-GREIÐSLUR**

**HEIMSENT OG SAMSETT**
FRÍ HEIMSENDING INNAN HÖFUÐBORGAR-SVÆÐISINS
ÖLL GRILL FÁST SAMSETT



Afsláttur 24.905 kr.

**CHAR-BROIL GASGRILL**
2 brennarar
**54.995 KR.**
FULLT VERÐ 79.900 KR.



Afsláttur 9.905 kr.

**CHAR-BROIL BISTRO GASGRILL**
**24.995 KR.**
FULLT VERÐ 34.900 KR.



Afsláttur 9.905 kr.

**CHAR-BROIL FERÐA-GASGRILL**
**29.995 KR.**
FULLT VERÐ 39.900 KR.



Afsláttur 14.905 kr.

**CHAR-BROIL BISTRO RAFMAGNSGRILL**
**34.995 KR.**
FULLT VERÐ 49.900 KR.



Afsláttur 9.905 kr.

**THERMOS GASGRILL**
2 brennarar
**29.995 KR.**
FULLT VERÐ 39.900 KR.



Afsláttur 9.905 kr.

**THERMOS GASGRILL**
3 brennarar
**49.995 KR.**
FULLT VERÐ 59.900 KR.



Afsláttur 39.905 kr.

**CHAR-BROIL GASGRILL**
3 brennarar
**89.995 KR.**
FULLT VERÐ 129.900 KR.



Afsláttur 49.005 kr.

**CHAR-BROIL GASGRILL**
4 brennarar
**109.995 KR.**
FULLT VERÐ 159.000 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 141768

Fræðslustjórastarf vinsælt:

## Fjórtán sóttu um starfið

**AKUREYRI** Fjórtán umsóknir bárust um stöðu fræðslustjóra Akureyrarkaupstaðar. Gunnar Gíslason, fráfarandi fræðslustjóri, sagði starfi sínu lausu eftir að hann náði kjöri sem bæjarfulltrúi að loknum síðustu sveitarstjórnarkosningum.

Tíu konur sóttu um starfið en aðeins fjórir karlar. Í hópi þeirra sem sóttu um eru þrír skólastjórar og tveir aðstoðarskólastjórar. Helmingur umsókna kom frá fólki búsettu utan Akureyrar. - sa

Fjórföld fjölgun nemenda í tölvunarfræði en nýnemum í lögfræði fækkar um meira en helming:

# Nemendum við Háskóla Íslands fækkar

**SKÓLAMÁL** Nemendum við Háskóla Íslands fækkar um nærri þúsund frá fyrra ári. Reiknað er með því að nemendur á næsta skólaári verði rúmlega 13 þúsund en þeir hafa undanfarin ár verið í kringum 14 þúsund. Þrátt fyrir að nemendum í heild fækki þá er fjöldi nýnema svipaður og undanfarin tvö ár, eða 2.900.

Samkvæmt upplýsingum frá Háskólanum er skipting nemenda eftir kynjum sú sama og undanfarin ár, tveir þriðju nemenda eru konur en karlar eru einn þriðji.

Sú grein þar sem nemendum hefur fjölgað hvað mest síðustu misseri er tölvunarfræði, nemendur í tölvunarfræði voru 54 haustið 2010 en 220 nýnemar hefja nám í tölvunarfræði í haust.

Fjölmennasta námsgreinin á meðal nýnema er viðskiptafræði. Þar hafa 275 nemendur staðfest skólavist. Um 200 hyggja á nám í sálfræði og nærri 150 í hjúkrunarfræði.

Í verkfræðigreinum sem kenndar eru í Háskóla Íslands hefja samtals um 220 nemendur nám í haust, en þess má geta að í rafmagns- og tölvuverkfræði fjölgar konum mikið í ár miðað við síðustu ár.

Mest fækkun nýnema er í lögfræði, 80 hefja nám í haust en voru 200 í fyrra. Skýringin er sú að inntökupróf voru tekin upp í greininni í ár.

Háskólanemum fjölgaði mikið í kjölfar efnahagshrunsins. Árið 2010 voru þeir um 10 þúsund en voru um 14 þúsund árin þar á eftir. - jme



**FÆRRI NEMENDUR** Heldur færri nemendur verða við nám í HÍ í vetur en undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Á LEIÐ Í SKÓLANN** Valið stendur á milli þess að synda 15 metra eða flækjast þurrum fótum 25 kílómetra krókaleið með brú yfir ána. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hópur skólabarna þarf brú yfir ána Heran:

## Þurfa að synda daglega í skólann

**INDLAND, AP Hópur indverskra barna á vart um annað að velja en að synda í skólann, fimmtán metra yfir ána Heran. Vilji þau komast í skólann þurrum fótum þurfa þau að flækjast 25 kílómetra langa leið, og komast þá á brú yfir ána.**

**„Við höfum hvað eftir annað óskað eftir því að fá brú," segir Rajendra Purohit, skólastjóri í Narmada í Gujarat-héraði.**

**Alls eru þetta um sextíu börn á unglingsaldri. Þau setja skólabækurnar sínar og þurr föt í plastpoka eða töskur, og fara síðan yfir ána sem nær þeim í axlir þar sem dýpst er. Þegar yfir er komið klæða strákarnir sig í þurr föt á bakkanum en stelpurnar fara inn í lítinn búningsklefa.**

**Stundum fara foreldrar eða aðrir fullorðnir með þeim yfir ána, en enginn bátur virðist vera við höndina.** - gb

Rannsókn vegna barnaníðs:

## Húsleit hjá Cliff Richards

**BRETLAND** Lögregla í Berkshire á Bretlandi gerði húsleit á heimili breska tónlistarmannsins Cliff Richards í gær.

Húsleitin er í tengslum við rannsókn tengda broti á dreng sem var yngri en sextán ára þegar brotið var gegn honum á níunda áratugnum ef marka má frétt BBC.

Richards sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hann neitar öllum ásökunum. - ih

Misst tennur og 20 kíló:

## Illa farinn eftir fangelsisvist

**KÍNA** Lögfræðingur kínverska andófsmannsins Gao Zhisheng segir skjólstæðing sinn illa haldinn eftir þriggja ára fangelsisdvöl. BBC greinir frá.

Gao var sleppt úr haldi í síðustu viku en hann hefur misst um tuttugu kíló og nokkrar tennur vegna vannæringar samkvæmt mannréttindasamtökunum Free-dom Now. Daglegur matarskammtur Gao var kálhaus og ein brauðsneið. - ih


jura Fyrir heimili og vinnustaði



EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is




**MÁLIN RÆDD** Anders Fogh Rasmussen og Gunnar Bragi Sveinsson funduðu um stöðu mála á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Svara ber kalli NATO um aukið framlag

Forsætis- og utanríkisráðherra telja að skuldbindingar Íslands gagnvart NATO krefjist þess að Ísland reyni að auka framlög til bandalagsins. Lögð skal áhersla á borgaraleg verkefni. Leitað að matarholum með hliðsjón af stöðu ríkisfjármála.

**UTANRÍKISMÁL** Ísland á að svara kalli vinaþjóða innan Atlantshafsbandalagsins (NATO) og auka framlag sitt til varnarsamstarfsins. Slíkt er best gert með því að leggja áherslu á borgaraleg verkefni að mati ráðamanna.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir að íslensk stjórnvöld séu mjög meðvituð um ábyrgð sína í öryggis- og varnarmálum og nauðsyn þess að leggja sitt af mörkum innan NATO.

„Við framkvæmdastjóri NATO áttum mjög góð samtöl í þessa veru og ræddum m.a. um netöryggismál og leit og björgun á hafi þar sem Ísland hefur tvímælalaust margt fram að færa. Við höfum einnig gert okkur gildandi í jafnréttismálum og ályktun öryggisráðs SÞ um konur, frið og öryggi svo dæmi sé tekið. Fram undan er leiðtogafundur bandalagsins í Wales og við munum í aðdraganda þess fundar fara yfir okkar stöðu og hvar við gætum mögulega bætt í, og þá með hliðsjón af stöðu ríkisfjármála," segir Sigmundur.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra telur að Ísland eigi að auka framlag sitt til Atlantshafsbandalagsins (NATO), sé þess nokkur kostur.

Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, kallaði eftir því á fundum með íslenskum ráðamönnum í vikunni að Ísland, eins og önnur aðildarríki bandalagsins, auki framlög sín til varnarsamstarfsins vegna vaxandi spennu í Evrópu. Kostnaður íslenska ríkisins vegna aðildar að NATO er um 600 milljónir á ári, að því er næst verður komist.

„Það er erfitt að bæta miklu við en við hljótum að þurfa að taka til skoðunar þessa beiðni framkvæmdastjórans og NATO-þjóðanna. Við erum hluti af þessum félagsskap og tökum á okkur vissar skuldbindingar. Það eru ríki að reyna að ná því markmiði að verja tveimur prósentum af þjóðarframleiðslu í varnarmál, þó ég segi ekki að við eigum að stefna þangað, en við eigum að sjálfsögðu að reyna að auka framlögin sé þess óskað, og ef við mögulegu getum," segir Gunnar Bragi.

Gunnar Bragi segir ljóst að blikur séu á lofti í öryggismálum í heiminum. „Við verðum að fara yfir hvar okkar borgaralegu áherslur liggja þegar kemur að þessu sameiginlega verkefni. Það má tengja þetta við þingmál sem ég legg fyrir þingið í haust og er þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland. Þar munum við að sjálfsögðu koma fram með okkar áherslur, sem hljóta að tengjast áherslum okkar í varnarsamstarfinu." svavar@frettabladid.is

### Efla þarf NATO í ljósi stöðu heimsmála

Aðspurður hvort Ísland eigi að leggja meira af mörkum til NATO svarar Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar, því til að hann sé þeirrar skoðunar „að við eigum afdráttarlaust að leita leiða til þess". Hann segir að Ísland eigi að finna svið þar sem þjóðin getur lagt sitt af mörkum. „Ég er sammála því mati Anders Fogh að efla þurfi NATO við þær aðstæður sem eru uppi í heimsmálum. Við getum ekki skorast undan því að gera það með þeim hætti sem við best getum. Ef það felst í því að leggja fram vinnu borgaralegra sérfræðinga á ákveðnum sviðum, sem er sú leið sem blasir við, þá eigum við að gera það," segir Birgir.



**BIRGIR ÁRMANNSSON**

# Ísdagurinn 2014



Kjörís



## Dagskrá

- Ingó Veðurguð
- Leikhópurinn Lotta
- Lína Langsokkur

Smakkaðu eins mikinn ís og þú getur í þig látið. Þorir þú að prófa harðfisksís, franskan koníaksís, kotasæluís og Búbís – móðurmjólkurís?

Skrímslin verða á staðnum!

**Hveragerði**
Laugardaginn 16. ágúst, kl. 13:00–16:00

Samstarf að erlendri fyrirmynd:

# Skeljungur og 10-11 í samstarf

**VIÐSKIPTI** Skeljungur hf. hefur samið við Rekstrarfélag Tíu ellefu ehf. um að annast rekstur tólf verslana við bensínstöðvar Shell og Orkunnar. Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Samstarfið mun ná til reksturs ellefu verslana á höfuðborgarsvæðinu og einnar á Akranesi. Skeljungur mun áfram annast eldsneytissölu. Samstarf olíufélaga við verslanir er þekkt víða erlendis. - jhh

Dagleg mótmæli hafa verið í Ferguson frá því að lögregluþjónn þar skaut unglingspilt til bana:

# Lögreglan beitti táragasi og reyksprengjum

**BANDARÍKIN** Óeirðir brutust út í bænum Ferguson í Missouri í fyrrakvöld. Lögreglan notaði táragas og reyksprengjur til að dreifa mannfjöldanum, sem hafði kastað eldsprengjum í áttina að lögreglunni.

Dagleg mótmæli hafa verið í Ferguson frá því á laugardag, en þá lét 18 ára piltur lífið eftir að lögregluþjónn skaut á hann. Pilturinn var svartur á hörund og hét Michael Brown, en lögregluþjónninn er hvítur og hefur nafn hans ekki fengist uppgefið hjá stjórnvöldum.

Frásögn lögreglunnar af því sem gerðist ber ekki saman við frásagnir vitna. Lögreglan segir að lögregluþjónn hafi vikið sér að Brown og öðrum manni, en þeir hafi þá ráðist á lögregluþjóninn og reynt að taka af honum byssuna.

Dorian Johnson, sem segist hafa verið með Brown þegar lögreglan hafði afskipti af þeim, segir allt aðra sögu. Lögregluþjónninn hafi reynt að opna bíldyrnar en bílhurðin hafi verið svo nálægt þeim að hún hafi skellst til baka. Þetta hafi farið í taugarnar á lögreglumanninum og hann hafi gripið til byssu sinnar þegar Brown reyndi að hlaupa burt.

Anonymous, samtök tölvuþrjóta, nafngreindu í gær lögregluþjón og sögðu hann hafa skotið piltinn, en lögreglan í Ferguson fullyrðir að þar sé rangur maður nafngreindur. - gb



**ÓEIRÐIR Í FERGUSON** Lögreglan í Ferguson hefur verið gagnrýnd fyrir að gefa ekki upp nafn hvíta lögregluþjónsins sem skaut svartan unglingspilt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SEÐLABANKASTJÓRAR** Már Guðmundsson og Arnór Sighvatsson munu að líkindum kynna stýrivexti í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Allir spá óbreyttum vöxtum:

# Góðar horfur í efnahagslífi

**EFNAHAGSMÁL** Greining Íslandsbanka og Greiningardeild Arion banka gera ráð fyrir því að stýrivextir haldist óbreyttir. Stýrivaxtaákvörðun verður kynnt í Seðlabankanum á miðvikudag í næstu viku. Greining Íslandsbanka telur að rök fyrir óbreyttum vöxtum verði þau að verðbólgan sé við verðbólgumarkmiðið, krónan stöðug og verðbólguhorfur nokkuð góðar. Verðbólguvæntingar til lengri tíma séu hins vegar enn nokkuð yfir verðbólgumarkmiði bankans. Hagdeild Landsbankans spáði í gær óbreyttum vöxtum. - jhh

## SAMFÉLAGSMÁL

### Unnu silfurverðlaun

Vagnstjórar Strætó bs. unnu til silfurverðlauna í hinu árlega Norðurlandamóti vagnstjóra í akstursleikni á strætisvögnum sem fór fram í Helsinki um síðustu helgi. Mótið fer fram einu sinni á ári og skiptast höfuðborgirnar á að halda mótið.



**STÖÐVARFJÖRÐUR** Íbúar Reykjavíkur voru árið 1801 jafn margir og búa nú á Stöðvarfirði. Markviss byggðastefna og flutningur stofnana til Reykjavíkur bar árangur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FJÖLDI ÍBÚA EFTIR BÚSETUSVÆÐUM 1911–2014**




# Metfjöldi á landsbyggðinni

Íbúum utan Reykjavíkur hefur fjölgað hægt og bítandi síðustu ár. Nú er svo komið að ríflega hundrað þúsund íbúar búa utan Reykjavíkur. 95 prósent íbúa búa á stöðum þar sem byggðaþróun er jákvæð.

**BYGGÐAMÁL** Aldrei í sögunni hafa jafn margir Íslendingar búið utan höfuðborgarsvæðisins. Ríflega eitt hundrað þúsund íbúar búa á landsbyggðunum og hefur mannfjölgunin þar verið hæg en stöðug alla síðustu öldina. Að sama skapi er oft talað um fólksflótta af landsbyggðinni og fólksfækkun vítt og breitt um landið annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Raunin er önnur þó sum svæði landsbyggðanna standi illa.

### Fækkar fólki „úti á landi“?

Á línuritinu sést að landsmönnum hefur fjölgað jafnt og þétt frá því í byrjun 20. aldar. Fjölgun Íslendinga skýrist að miklu leyti af mikilli fjölgun á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar er ekki hægt að sjá í þessum gögnum að einhver fækkun eigi sér stað utan höfuðborgarsvæðisins, síður en svo. Fjölgunin á landsbyggðunum er jöfn og stöðug. Þannig er hægt að segja að aldrei hafa fleiri búið „úti á landi“ en nú, frá því land byggðist.

### 92% landsins á uppleið

Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri, hefur stundað rannsóknir á byggðaþróun Íslands. „Um 92 prósent þjóðarinnar búa á þremur vaxtarsvæðum landsins á Suðvesturlandi, Mið-Norðurlandi og Mið-Austurlandi. Fjölbreytt borgarsamfélög í Reykjavík og á Akureyri styðja við byggðir í allt að klukkustundar fjarlægð og á Austurlandi mynda Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð tiltölulega fjölbreytt atvinnu- og þjónustusvæði. Á þessum svæðum þar sem um 95 prósent íslensku þjóðarinnar búa er atvinnulíf blómlegt, þjónusta fjölbreytt og fólksfjölgun hefur verið stöðug síðustu árin. Tryggja þarf áframhaldandi vöxt þessara svæða en að þeim steðjar ekki brýnn vandi.“

Þóroddur segir að einstakar landsbyggðir standi ekki eins vel og horfa verður á þær sérstaklega. „Verulegur samdráttur og fólksfækkun eru að mestu bundin við svæði þar sem um 5 prósent þjóðarinnar eru búsett. Tækniframfarir, sérhæfing og samþjöppun hafa víða leitt til fækkunar starfa í sjávarútvegi, landbúnaði og matvælaframleiðslu. Fólki hefur fækkað umtalsvert í sveitum og byggðakjörnum sem byggja einkum á sjávarútvegi eða þjónustu við landbúnað. Verulegur byggðavandi steðjar þannig að litlum hluta þjóðarinnar og því ætti að vera tiltölulega auðvelt að bregðast við honum með markvissum hætti.“

### Varnarsvæðin eru eyjar

Samkvæmt skýrslu byggðastofnunar um þróun byggðarlaga með langvarandi fólksfækkun, sem kom út í maí 2012 má sjá greinilegt mynstur.

Vestfirðir, svæðið á norðaustanverðu horni landsins, og svæðið frá Höfn til Víkur í Mýrdal eru í mikilli vörn. Það sem einkennir þessi svæði eru litlir búsetukjarnar, langt frá hver öðrum, þar sem einnig eru tiltölulega miklar fjarlægðir til næsta stóra þjónustukjarna. Einnig byggja þessi svæði að miklu leyti á frumvinnslugreinum.

„Alvarlegur byggðavandi á Íslandi nær til lítils hluta þjóðarinnar. Því er tiltölulega auðvelt að bregðast við honum með markvissum hætti ef vilji er fyri hendi en fyrir því þyrfti að nást breið sátt meðal þjóðarinnar,“ segir Þóroddur

sveinn@frettabladid.is

## Fyrsta byggðaaðgerðin að búa til borg



**ÞÓRODDUR BJARNASON**

Árið 1801 voru íbúar Reykjavíkur aðeins um 200 eða álíka margir og búa núna á Stöðvarfirði. Upphaf 19. aldar markar ákveðin þáttaskil í sögu landsins. Menn fóru að huga að sjálfstæði eyjunnar og talið var æskilegt að á landinu byggðist upp kjarni sem gæti verið mótvægi við Kaupmannahöfn, höfuðborg landsins.

Þóroddur Bjarnason, formaður stjórnar Byggðastofnunar og prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri, hefur farið yfir þessi umskipti bæði í ræðu og riti. „Reykjavík jók íbúafjölda sinn sautjánfalt á hundrað ára tímabili, frá 1801-1901. Á þessari öld voru allar helstu opinberu stofnanir landsins fluttar til Reykjavíkur. Á 20. öldinni hélt þróunin áfram. Íbúafjöldinn jókst jafnt og þétt í Reykjavík og var í lok aldarinnar aftur sautján sinnum meiri en í byrjun aldar.“

INNKÖLLUN Á NUDDPOTTUM



Kæru viðskiptavinir.
Á grundvelli ábendingar frá Neytendastofu innkallar BYKO uppblásna nuddpotta sem seldir voru árið 2010.

Vörunúmer BYKO: 88012360 B-140B nuddpottur, uppblásinn.

Ástæða innköllunarinnar er sú að alvarleg hætta getur skapast af notkun þeirra. BYKO biður þá sem keyptu slíka nuddpotta að skila þeim í næstu BYKO verslun og fá endurgreitt.

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

Fyrirtæki í Noregi hugsa til Íslands vegna innflutningsbanns Rússa:

# Kallað eftir samstöðu í Noregi

**SJÁVARÚTVEGUR** Kallað er eftir samstöðu milli norskra fyrirtækja í landvinnslu og útgerð í kjölfar innflutningsbanns Rússa, sem er þungt högg fyrir greinina hvernig sem á það er litið. Eins er kallað eftir stuðningi norskra stjórnvalda og það sagt útilokað að greinin beri áfallið af banninu án stuðnings.

Þetta kemur fram í leiðaraskrifum dagblaðsins Sunnmørsposten í Álasundi sem leggur áherslu á að fjalla um sjávarútvegsmál þar í landi.

Daginn sem Rússar tilkynntu um innflutningsbann sitt ámálguðu norskir útgerðarmenn að selja uppsjávarfisk sinn á Íslandi eða Færeyjum, skrifar leiðarahöfundur. Færeyingar hafa fagnað þeim uppgripum sem löndunum norskra skipa myndi fylgja. Hagsmuni fyrirtækja á Austurlandi ber að skoða í því ljósi, þegar orð forsvarsmanna íslenskra fyrirtækja eru höfð í huga.

Leiðarahöfundur bendir á að norska landvinnslan hafi áhyggjur af því að útgerðarmenn reyni að komast fram hjá banninu með þessum hætti.

Audun Marak, hjá samtökum norskra útgerðarmanna, vonast til að koma síld og öðrum uppsjávartegundum til Rússlands í gegnum Ísland. Samtök fiskvinnslufyrirtækja í Noregi benda hins vegar á að þessi leið sem Audun nefnir sé ekki endilega fær. - shá



**VESTMANNAEYJAHÖFN** Norska skipið Leinebjörn kemur til löndunar með uppsjávarfisk. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

# SPARIDAGAR

**TILBOÐ! AFSLÆTTIR! VERÐLÆKKUN!**

2014 Spari dagar

## 25% AFSLÁTTUR
AEG
kaffivélar, brauðristar, blandarar, töfrasprotar, hraðsuðukönnur, straujárn, espressovélar o.m.fl.

## 22% AFSLÁTTUR
AEG
þvottatæki, kæliskápar, ofnar, helluborð, viftur, gufugleypar, ryksugur o.m.fl.

## ZANUSSI

Þvottavélar *frá:* 71.920
Þurrkarar *frá:* 75.920
Uppþvottavélar *frá:* 71.920
Kæliskápar *frá:* 72.000
Eldavélar *frá:* 95.920



*Topp vara á frábæru verði!*

# Allar vörur á SPARIDÖGUM frá

AEG · SAMSUNG · Tefal · Pioneer
ZANUSSI · Haier · SHARP · OLYMPUS · Nintendo · Verbatim · brabantia

0% vextir
Vaxtalausar raðgreiðslur í tólf mánuði!
3,5% lántökugjald



AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

LW60260
**Þvottavél**
6 kg · 1200 sn./mín.
~~135.900~~
TILBOÐSVERÐ
**106.000**

LW75470
**Þvottavél**
7 kg · 1400 sn./mín.
~~179.900~~
TILBOÐSVERÐ
**140.300**

TILBOÐS VERÐ Á FRÁBÆRUM KÆLI OG FRYSTI-SKÁPUM



15% afsláttur
SAMSUNG

Tefal · Jamie Oliver

## POTTAR&PÖNNUR
*TÆR SNILLD!*



20% afsláttur

**Úrval kæli- og frystiskápa á Sparidaga verði.**
Dæmi: 178 cm hár hvítur skápur = ~~Kr. 136.900~~
*á Sparidögum: 119.900*



SAMSUNG



Treystu Samsung til að framleiða afburða uppþvottavélar.
Verð frá ~~kr. 142.900~~
*á Sparidögum: 119.900*

Allinox
7, 10, 14 og 19 lítra stál pottar
á *frábæru verði*



ROMMELSBACHER



Öflugt og vandað mínútugrill
Þýsk gæðavara

Solis OF SWITZERLAND



SOLIS SAFAPRESSAN VINSÆLA

**AEG** ofnar og helluborð



22% afsláttur



15% afsláttur

NIVONA

**SÖNN KAFFIÁSTRÍÐA**
Alsjálfvirkar kaffivélar frá NIVONA.
Stilltu á hámarks gæði.

**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**
SAMSUNG-SETRIÐ ER HLUTI AF ORMSSON EHF.
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR · BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |




# FERSKT OG FLOTT

## ÍSLENSKT GRÆNMETI OG ÁVEXTIR


Paprika


Grænkál


Íslenskar gúrkur

Ný uppskera!


299 kr/kg

Íslenskt hvítkál


Íslenskt kínakál

Ný uppskera!


Íslenskar kartöflur




Nestisbox fyrir skólann í úrvali



Berjatíminn framundan - allt í sultugerð

## FYRIR KONUR SEM VILJA KOMA SÉR Í FORM

20% afsláttur af Miss World pakkanum!



LABRADA

Ungfrú Ísland Tanja Ýr Ástþórsdóttir notar **LABRADA** vörur til að koma sér í form fyrir Miss World keppnina




## EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF BBQ SÓSUM







Gildir til 18. ágúst á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
og á Akureyri í sumar!



Holta

100% kjúklingakjöt
án allra aukefna
aðeins 1% fita

GRILLRÉTTIR HAGKAUPS
999 kr
verð áður 2.499

100% HREIN AFURÐ

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-BRINGUR
2.174 kr/kg
verð áður 2.899

## KJÚKLINGABRINGA MEÐ HUNANGS TERIYAKI FYRIR 4

4 stk kjúklingabringur
350 ml appelsínusafi
150 g púðursykur
4 stk hvítlauksrif
4 sneiðar engiferrót
2 msk salt

Setjið appelsínusafann í form ásamt púðursykrinum, gróft söxuðum hvítlauknum, engifersneiðunum og saltinu. Leyfið kjúklingabringunum að liggja í leginum í ísskáp í a.m.k. 2 klst.

**Sósa**
300 ml Teriyaki sósa
70 g hunang
4 cm engiferrót
4 stk hvítlauksrif
40 ml sesamolía
4 stk vorlaukur, fínt skorinn

Setjið teriyaki sósuna í lítinn pott og bætið út í hunangi, skrældri og gróft skorinni engiferrótinni og hvítlauknum. Sjóðið sósuna niður um 1/3 við vægan hita. Sigtið sósuna. Takið kjúklingabringurnar upp úr leginum og þerrið þær. Veltið þeim upp úr sesamolíunni og kryddið með svörtum pipar. Grillið á miðlungsheitu grilli, skinnhliðina fyrst, í 8 mín. Snúið svo við og grillið í aðrar 8 mín. Setjið svo bringurnar á efri grindina eða á óbeinan hita og leyfið þeim að standa þar í smástund til að þær eldist alveg í gegn. Penslið bringurnar vel og reglulega á meðan eldun fer fram. Stráið vorlauknum yfir.

ÍSLANDS LAMB



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

LÆRISNEIÐAR ÚR MIÐLÆRI
2.324 kr/kg
verð áður 3.099

ÍSFUGL



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

KALKÚNALUNDIR SESAM TERIYAKI
2.239 kr/kg
verð áður 3.199

Holta



TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

100% HREIN AFURÐ

FERSKUR KJÚKLINGUR
799 kr/kg
verð áður 999

NAUTAAT



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

PIPARSTEIK
2.659 kr/kg
verð áður 3.799

NAUTAAT



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

HAMBORGARAR 2X140 gr
499 kr/pk
verð áður 599

2X170 gr
599 kr/pk
verð áður 799



## AROMATIC CRISPY DUCK

PEKINGÖND
TILBÚIN
Á 35 MÍNÚTUM




3799 KR/PK

með 24 pönnukökum og hoisin sósu

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# SKOÐUN

Breytt staða í öryggismálum Íslands:

## Mikilvægari staða, meiri ábyrgð

Ný staða er uppi í öryggismálum Evrópu eftir innrás Rússa í Úkraínu og innlimun Krímskaga í Rússland. Eins og Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins (NATO), ræddi í heimsókn sinni til Íslands í fyrradag, er ástæða til að óttast að Rússar horfi til fleiri ríkja en Úkraínu. Þeir eru líklegir til að vilja hindra með ýmsum ráðum að lönd, sem þeir telja að eigi að vera á sínu áhrifasvæði, efli bandalag sitt við vestræn ríki.

Hið gamla landvarnahlutverk NATO er nú skyndilega í forgrunni á nýjan leik, eftir að Rússland breyttist á skömmum tíma úr samstarfsríki í andstæðing. Þetta hefur í för með sér breytingar á stöðu og ábyrgð Íslands í bandalaginu, eins og Fogh Rasmussen vék að. Eins og hann nefndi á blaðamannafundi hefur mikilvægi staðsetningar Íslands í miðju Norður-Atlantshafinu aukizt á ný á síðustu árum vegna loftslagsbreytinga, sem munu leiða af sér meiri umferð og efnahagsleg umsvif á norðurslóðum. Árásargjarnari utanríkisstefna Rússlands, þar með talin endurhervæðing norðurhéraða landsins, þýðir líka að hernaðarlegt mikilvægi Íslands eykst á ný.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Það er ekki þar með sagt að hér þurfi aftur að vera herlið á vegum bandalagsins; eins og framkvæmdastjórinn benti á er hægt að efla eftirlit með lofthelginni með skömmum fyrirvara.

Öll aðildarríki Atlantshafsbandalagsins standa frammi fyrir nýjum veruleika í öryggis- og varnarmálum. Þótt hið hefðbundna landvarnahlutverk vegi nú þyngra, þarf áfram að sinna „nýjum“ verkefnum NATO á borð við friðargæzlu, íhlutun á átakasvæðum, leitar- og björgunarverkefnum og netvörnum. Staðan útheimtir aukin útgjöld til varnarmála, eftir samdrátt undanfarinna ára.

Þar er Ísland engin undantekning. Anders Fogh Rasmussen skoraði á íslenzk stjórnvöld að leggja meira til sameiginlegra varna NATO og nefndi sérstaklega þátttöku Íslands í netvörnum og aðhlynningu sjúkra í tengslum við aðgerðir bandalagsins. Þá benti hann á það augljósa; að með batnandi efnahag er Ísland betur í stakk búið að leggja fjárhagslega sitt af mörkum til sameiginlegra varna bandalagsríkjanna.

Það er nefnilega löngu liðin tíð að meginframlag Íslands til varna NATO felist í að leggja til aðstöðu á Keflavíkurflugvelli. Ísland verður að taka þátt í starfi bandalagsins með virkari hætti, þótt framlagið hljóti ávallt að verða á forsendum borgaralegrar starfsemi, sem er það eina sem við þekkjum.

Framlag Íslands til eigin öryggis- og varnarmála, að viðbættu framlagi til NATO, er nokkur hundruð milljónir, hugsanlega á annan milljarð króna. Ef við miðuðum við að framlög til þessa málaflokks væru á bilinu 1-2 prósent af landsframleiðslu, eins og flest vestræn ríki gera, væru þau 18-36 milljarðar.Við getum alls ekki skorazt undan að auka framlag okkar til sameiginlegra varna vestrænna lýðræðisríkja á viðsjárverðum tímum.

Viðbrögð ráðamanna í Fréttablaðinu í dag við áskorun framkvæmdastjóra NATO eru því rökrétt og jákvæð, en kannski ívið of varfærin. Auðvitað á Ísland að lýsa því skýrt yfir að það muni axla sína ábyrgð og taka fullan þátt í að efla Atlantshafsbandalagið þegar nýjar ógnir steðja að.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson
**ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Fjölgar um helming**
Teitur Björn Einarsson hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, og hóf hann störf í ráðuneytinu í gær. Þar með hefur aðstoðarmönnum Bjarna fjölgað um helming. Samkvæmt upplýsingum sem komu fram á Alþingi, fyrir tæpu ári, nemur kostnaður við hvern aðstoðarmann ráðherra um 12,5 milljónum króna á ári. Mögrum finnst það skjóta nokkuð skökku við að fjármálaráðherra skuli vera að fjölga aðstoðarmönnum á meðan boðað er áframhaldandi aðhald í fjármálum hins opinbera.



**Ekkert fararsnið á Ásmundi**
Ásmundur Einar Daðason þingmaður gegnir enn stöðu aðstoðarmanns Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra. Þegar tilkynnt var að Ásmundur Einar ætti að aðstoða Sigmund Davíð var látið að því liggja að það væri einungis tímabundin ákvörðun. Fyrir skemmstu sagði Ásmundur Einar í samtali við blaðamann að hann yrði áfram í ráðuneytinu uns annað yrði ákveðið. Það skal hins vegar tekið fram að Ásmundur Einar þiggur ekki önnur laun en Alþingi greiðir honum fyrir setu á þingi.



**Orð hafa ábyrgð**
Bæjarráð Hafnarfjarðar samþykkti í gær samning um endurfjármögnun lána bæjarfélagsins. Trúnaður er um vaxtakjör samningsins þannig að bæjarbúar geta ekki glöggvað sig á því hvort um góðan samning sé að ræða eða ekki. Það sem er áhugavert við þennan samning er að minnihlutinn hafði uppi stór orð um „leyndarhyggju sem minnti á Icesave-samningana“. Oddviti sjálfstæðismanna sagði þá að bæjarbúar ættu heimtingu á að vita hver vaxtakjörin væru. Nú er einstaklingurinn orðinn formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar. Svo virðist sem meirihlutaskiptin eftir kosningar hafi litlu breytt í leyndarhyggju stjórnmálanna í Hafnarfirði.

johanna@frettabladid.is/
sveinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Ekkert sem kemur á óvart

STJÓRNMÁL



**Vigdís Hauksdóttir**
lögfræðingur og þingmaður Framsóknarflokksins

Viðbrögð við boðaðri festu í ríkisfjármálum voru fyrirsjáanleg. Ríkisvaldið verður að tryggja öryggi og festu í ríkisfjármálum með skýrri forgangsröðun til grunnþátta samfélagsins.

Að baki útdeilingu á skattfé eru einstaklingar á vinnumarkaði sem hafa skilað sínum sköttum til ríkisins. Það er lágmarkskrafa skattgreiðenda að þeim fjármunum sé sem best varið fyrir samfélagið allt, ef ekki rofnar sá samfélagssáttmáli sem skattkerfi ríkis byggir á – viljanum til að greiða skatta. Fjárlaganefnd hefur það lögbundna hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Verið er að fara yfir sex mánaða uppgjör ríkisins.

Afar ánægjuleg niðurstaða hefur fengist í þessari vinnu hingað til og meint framúrkeyrsla ýmissa stofnana var ekki á rökum reist, meðal annars vegna mismunandi bókhaldsaðferða. Það er mikilvægt að fá þetta misræmi fram nú vegna fjárlagavinnunnar í framhaldinu. Horfi ég bjartsýn til markmiðs ríkisstjórnarinnar um hallalaus fjárlög fyrir árið 2014.

Ég fagna allri fjölmiðlaumræðu um ríkisfjármál og hvernig skattfé landsmanna er útdeilt. Það er því með öllu óskiljanlegt að stuðningsmenn Icesave-ríkisstjórnarinnar virðast hafa allt á hornum sér þegar gerð er sú krafa að ríkisstofnanir haldi sig innan

**➜ Ég fagna allri fjölmiðlaumræðu um ríkisfjármál og hvernig skattfé landsmanna er útdeilt.**

ramma fjárlaga. Vísað er í lög sem viðkomandi stofnanir eru reistar á til að gegna lögbundnu hlutverki sínu. Það eru góð rök en fjárlög eru líka lög sem alþingismenn samþykkja á hverju ári. Það er hreinar línur að fjárveitingavaldið setur rammann ár hvert fyrir hverja stofnun. Það er stjórnenda viðkomandi stofnunar að fylgja vilja fjárveitingarvaldsins sem birtist í fjárlögum.

Árangur ríkisstjórnarinnar er mikill þá 14 mánuði sem hún hefur verið við völd. Bætt hefur verið tæpum 10 milljörðum í svelt heilbrigðiskerfi og 5 milljörðum til almannatrygginga ásamt mörgum öðrum stórum málum. Stuðningsmenn síðustu ríkisstjórnar hafa fá tromp á hendi til að ná viðspyrnu. Því taka þeir stöðu með framúrkeyrslu fjárlaga. Engar áætlanir í ríkisfjármálum stóðust á síðasta kjörtímabili. Þá hlýt ég að spyrja: Vilja skattgreiðendur þá óreiðu og sóun fjármuna síðasta kjörtímabils eða þá festu sem nú er boðuð? Í raun var þessari spurningu svarað í síðustu alþingiskosningum þegar Samfylking og VG fengu herfilega útreið og voru kosin frá völdum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Frá Leifsstöð á hjóli

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



„Samsetning reiðhjóla er BÖNNUÐ í flugstöðinni.“ Svona skilaboð blöstu við mér, þrykkt á hurð í komusal Leifsstöðvar þaðan sem von var á mínum „sérstæða“ farangri, innpökkuðu hjóli eldri sonarins sem ég hafði keypt einhvers staðar í Evrópusambandinu.

Ekki að til hafi staðið að draga fram skiptilykilinn, skrúfa framhjólið og pedalana á, rétta við stýrið og senda barnið hjólandi til höfuðborgarinnar en ég velti því samt fyrir mér hvort það væri ekki dálítið glatað að þetta færu fyrstu skilaboðin sem hjólreiðamenn fengju við komuna til landsins. Ekki bara: „Vinsamlegast ekki skrúfa hjólin saman hérna í komusalnum, hér er lítið pláss.“ Nei: „Gjörvöll millilandaflugstöðin er of lítil til að rúma þetta furðulega áhugamál ykkar. Verið úti.“

### Hjól manns maki

Þegar inn í flugrútuna var komið var mér tilkynnt að ég ætti eftir að greiða fyrir hjólið. Að flytja hjól sem var pakkað í kassa af stærð 140 x 80 x 20 cm, og komst inn í farangurshólfið án teljandi vandræða kostaði það sama og að flytja fullorðinn farþega í sæti.

Nú ætla ég ekki gráta mörgum tárum yfir þessum tvöþúsundkalli. Það er samkeppni á þessari leið og sem ábyrgur neytandi hefði maður kannski átt að ganga milli miðasölustanda og láta rútufyrirtækin bítast um að flytja hjólið manns á sem ódýrastan máta. Hitt er svo annað að heimasíða Flybus þegir þunnu hljóði yfir þessum viðbótarkostnaði og það virðist ekki vera hægt að panta flutning á hjóli á netinu. Dálítið ófagmannlegt.

### Alltaf rukkaðir

Það er annars skondið hvað þetta handhæga farartæki sem sjálft er svo hjálplegt þegar kemur að því að flytja mann á milli staða er til trafala þegar það sjálft þarfnast flutnings. Það þarf að skrúfa það í sundur og pakka því í sérstakan kassa og jafnvel þannig kostar stundum sitt að flytja það einn fluglegg.

Ég las eitt sinn blogg, raunir manns sem ferðast hafði um heiminn með ferðareiðhjólið sitt. Hann var með ráðleggingar í ellefu liðum. Fjórir af þeim ellefu liðum voru „Ekki hringja í flugfélagið!“

Ástæðan var þessi: Upplýsingarnar sem flugfélagið myndi veita myndu hvort sem er ekki standast og maður væri bara látinn borga eitthvað. Hans villta ráð var að mæta bara á staðinn og vona það besta.

Annað ráðið var að flytja reiðhjólið í sem venjulegastri tösku og reyna að fela öll ummerki þess að um reiðhjól væri að ræða. Þannig var oft hægt að komast hjá því að vera rukkaður um aukagjald. Ef flugvallastarfsfólkið spurði hvað væri í töskunni var svarið: „Reiðhjólapartar.“

### Hraðbrautin

Á Reykjanesbrautinni rakst maður reyndar á einhverja ferðamenn sem greinilega höfðu ætlað sér að hjóla til Reykjavíkur, sem var raunar ekki galin hugmynd enda var þetta um miðjan dag og veðrið ágætt.

Það er draumur margra að banna mönnum að hjóla á Reykjanesbrautinni. Einhvern tímann voru meira að segja sett upp skilti sem bönnuðu hjólafólki að fara yfir mislægu gatnamótin á leiðinni, án þess þó að neitt lægi fyrir um hvaða aðra leið ætti að fara í staðinn.

Ég skil þennan hraðbrautardraum svo sem ágætlega og til að gæta sanngirni þá eru hjólreiðar á hraðbrautum almennt ekki leyfðar. Vandinn er bara sá að Reykjanesbrautin er enn sem komið er ekki hraðbraut og fólk sem vill fara þessa leið á hjóli hefur engan annan valkost.

Ef menn ætla sér að banna fólki að hjóla á Reykjanesbrautinni þá þarf einfaldlega að leggja stíg meðfram henni. Sá stígur gæti að hluta til legið í vegstæði gamla Keflavíkurvegarins og náð allavega að Vatnsleysustrandarveginum þaðan sem hjóla mætti til Voga og svo í gegnum Reykjanesbæ. Þetta myndi hugsanlega vera örlítið lengri leið en mun fjölskylduvænni upplifun en vegöxl Reykjanesbrautar.

### Ímyndum okkur

Ég er ungur náttúruunnandi. Ég kem til landsins á hjóli. Labba út úr flugstöðinni. Við mér blasir skilti með merki af hjóli á bláum fleti ásamt ör og nokkrum vegalengdum:

**Keflavík (5 km)**
**Vogar (16 km)**
**Hafnarfjörður (45 km)**
**Reykjavík (55 km)**

Væru þetta ekki vingjarnlegri móttökur en „Viltu gjöra svo vel að vera úti með þetta hjól þitt“?

> Ef menn ætla sér að banna fólki að hjóla á Reykjanesbrautinni þá þarf einfaldlega að leggja stíg meðfram henni.

## Af netinu

### Svívirðileg hryðju- og níðingsverk



Þessa daganna er verið að fremja svívirðileg hryðju- og níðingsverk á minnihlutahópum og fleirum í Írak. ISIS-samtökin ráðast meðal annars á kristið fólk, jasída og shia-múslima, allt vegna trúarskoðana.

Þúsundir eru innikróaðir á flótta undan glæpamönnunum. ISIS-liðar hafa þegar framið fjöldamorð á kristnum, jasídum og shia-múslimum og nauðgað og selt kristnar konur í ánauð og stolið öllu.

Hver eru viðbrögð hins svonefnda frjálsa heims? Dögum saman sat Obama Bandaríkjaforseti aðgerðarlaus og það gerðu Cameron, Merkel, Hollande og aðrir Evrópuleiðtogar einnig. Svo var farið í takmarkaðar aðgerðir með hangandi hendi.

jonmagnusson.blog.is
*Jón Magnússon*



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Þú finnur rétta bílinn á **benni.is**

**Gæðabílar á góðu verði**


**CHEVROLET AVEO LTZ**
Nýskráður í desember 2012 | Ekinn 51.000 km
Bensín | Sjálfskiptur
**VERÐ: 2.150.000,-**


**CHEVROLET CAPTIVA LT**
Nýskráður í janúar 2013 | Ekinn 65.000 km
Dísel | Sjálfskiptur
**VERÐ 4.690.000,-**


**CHEVROLET SPARK**
Nýskráður í apríl 2012 | Ekinn 80.000 km
Bensín | Beinskiptur
**VERÐ: 1.390.000,-**


**VW POLO COMFORTLINE**
Nýskráður í júní 2013 | Ekinn 76.000 km
Bensín | Sjálfskiptur
**VERÐ: 1.990.000,-**


**CHEVROLET CRUZE LT**
Nýskráður í júní 2012 | Ekinn 78.000 km
Bensín | Beinskiptur
**VERÐ: 1.990.000,-**


**VW GOLF TRENDLINE**
Nýskráður í júní 2012 | Ekinn 78.000 km
Bensín | Sjálfskiptur
**VERÐ: 2.590.000,-**

**Bílabúð Benna • Notaðir bílar**
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími: 590 2035

**Bílabúð Benna Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 9 • 260 Reykjanesbæ
Sími: 420 3330

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# Að standa við stóru orðin

LANDBÚNAÐUR



Bryndís Schram

Snæfríður heitin, dóttir mín, lektor við Háskólann á Bifröst, var vinur og aðdáandi Jóhönnu geitabónda á Háafelli í Hvítársíðu og brautryðjandastarfs hennar. Minnug þeirrar vináttu set ég eftirfarandi orð á blað.

Fyrir Alþingiskosningar 2013 fluttu tveir stjórnarandstöðuþingmenn, þeir Sigurður Ingi Jóhannsson og Ásmundur Einar Daðason, þingsályktunartillögu með áskorun á þáverandi atvinnuvegaráðherra um að grípa þegar í stað til aðgerða til að forða íslenska geitfjárstofninum frá útrýmingarhættu, því að „ef ekki verður nú þegar brugðist við þeirri stöðu, sem íslenski geitfjárstofninn er í, er hætt við, að það verði brátt um seinan“.

Eftir kosningar settist Sigurður Ingi í stól atvinnuvegaráðherrans sem hann hafði skorað á – fyrir kosningar – að bjarga geitastofninum. Og Ásmundur Einar er sérstakur ráðunautur forsætisráðherra um málefni landbúnaðarins. Það er ekki gott til afspurnar að tala tungum tveim – að segja eitt í stjórnarandstöðu en annað í stjórn. Það heitir lýðskrum.

### Persónulegur harmleikur

Þeir Sigurður Ingi og Ásmundur Einar standa nú frammi fyrir prófraun, þar sem reynir á manndóm þeirra og heilindi. Prófið fer fram að Háafelli í Hvítársíðu þann 18. september nk. Þá fer að óbreyttu fram uppboð á eina geitfjárbúinu á Íslandi sem nær máli varðandi kynbætur og stofnrækt búfjárstofns í útrýmingarhættu.

Hvað er í húfi? Fyrir hjónin á Háafelli, Jóhönnu Bergmann Þorvaldsdóttur og Þorbjörn Oddsson, og fjölskyldu þeirra er það persónulegur harmleikur. Brautryðjendastarf þeirra verður fyrir bí. „Já, en verður geitfjárræktinni ekki bara haldið áfram undir annarra stjórn?“ spyr sá sem ekki veit.

Nei, það er ekki svo. Lögum samkvæmt teljast geitur ekki til bústofns, heldur flokkast sem gæludýr. Geiturnar eru persónuleg eign Jóhönnu. Missi hún jörðina, verður geitunum óhjákvæmilega stefnt í sláturhúsið.

### Nýting erfðaauðlinda

Það er haft eftir formanni erfðanefndar landbúnaðarráðuneytisins „að þá leggist markviss geitfjárrækt á Íslandi af um ókomna tíð …“. Allir þeir sem greinarhöfundur hefur rætt við og vit hafa á eru sammála ofangreindu mati.

Dr. Ólafur Dýrmundsson, umsjónarmaður geitfjárræktar hjá Bændasamtökum Íslands, segir: „Þarna (innskot: Á Háafelli) er stærsti og fjölbreyttasti stofninn. Svo er hún (innskot: Jóhanna) með langflestar kollóttu geiturnar og fallega liti. Frá mínum sjónarhóli yrði mikill skaði að missa stofninn. Geitastofninn á Íslandi er það lítill að við megum ekkert missa. Það er mergurinn málsins“.

Í greinargerð sinni með þingsályktuninni fyrir seinustu kosningar minna þeir Sigurður Ingi og Ásmundur Einar á að „Ísland er aðili að Ríó-samþykktinni frá 1992 um varðveislu erfðaefnis. Einnig er í gildi reglugerð númer 151/2005 um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði, og starfar erfðanefnd landbúnaðarins eftir henni. Nefndin vinnur að því að varðveita og nýta erfðaauðlindir, sem hafa verðmæti fyrir landbúnaðinn og menningarlegt gildi, en íslenska geitin fellur þar undir“.

**➜ Þeir Sigurður Ingi og Ásmundur Einar standa nú frammi fyrir prófraun, þar sem reynir á manndóm þeirra og heilindi. Prófið fer fram að Háafelli í Hvítársíðu þann 18. september nk. Þá fer að óbreyttu fram uppboð á eina geitfjárbúinu á Íslandi sem nær máli varðandi kynbætur og stofnrækt búfjárstofns í útrýmingarhættu.**

### Til bjargar geitfjárstofninum

Fyrir gráglettni kjósenda er málum svo komið – eftir kosningar – að þingsályktunin með áskorun þeirra tvímenninganna á fyrrverandi atvinnuvegaráðherra beinist nú að þeim sjálfum: Að Sigurði Inga sem landbúnaðarráðherra og að Ásmundi Einari sem ráðgjafa forsætisráðherra. Spurningin er: Ætla þeir að láta það um sig spyrjast að þeir tali tungum tveim? Segi eitt í stjórnarandstöðu en allt annað í stjórn?

Ég trúi því ekki að óreyndu að þeir láti slíkt um sig spyrjast. Ég skora hér með á þá að bregðast vel og drengilega við eigin áskorun á sjálfa sig. Það er varla til of mikils mælst, er það? Vonandi megum við vænta svars í tæka tíð, áður en prófdagurinn rennur upp, fimmtudaginn þann 18. september nk. Það er nægur tími til stefnu til að bjarga geitfjárstofninum frá útrýmingarhættu – og æru tvímenninganna í leiðinni.

# Einkaframkvæmd Landspítala er galin

HEILBRIGÐISMÁL



Ögmundur Jónasson
alþingismaður

Fjölmiðlar greina frá því að þeir sem á fínu máli kallast „fagfjárfestar“ vilji fjármagna nýjan Landspítala með eignatryggðri fjármögnun, þannig að kostnaðurinn við bygginguna myndi ekki lenda á ríkisreikningi. Þannig er kynntur þessi gamli kunningi sem bankar upp á með reglulegu millibili og hefur í tímans rás fengið ýmsir nafngiftir, einkaframkvæmd hefur þetta verið kallað síðustu ár.

Einkaframkvæmd á sér einkum tvær rætur, önnur er hagsmunatengd og byggir á því að stjórnvöld vilja hygla einkafjármagninu, en hin lýtur að reikningskúnstum ríkisfjármála og gengur út á það að sýna ekki raunverulegar skuldbindingar ríkissjóðs.

### Fangelsið hefði kostað hálfan milljarð til viðbótar

Þegar ákveðið var að ráðast í byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði kom þetta einnig upp á og voru þá ýmsir mjög eindregið á því máli að ríkið ætti að heimila einkaaðilum að reisa fangelsið, en ríkið síðan leigja afnotin af því. Ég gegndi á þessum tíma embætti innanríkisráðherra og lagðist mjög eindregið gegn þessu á þeirri forsendu að þetta yrði miklu óhagkvæmara fyrir ríkissjóð og þar með skattgreiðendur í landinu. Ég fékk sérfræðinga til að meta hve miklu þetta tap næmi og áætluðu þeir að skattgreiðendur myndu tapa um hálfum milljarði á því að fara einkaframkvæmdarleiðina.

### Dýrari lán og krafa um gróða

Þetta liggur að sjálfsögðu í augum uppi þegar málið er skoðað. „Fagfjárfestarnir“ þurfa á nákvæmlega sama hátt og ríkið að afla lánsfjármagns til framkvæmdarinnar og greiða tilheyrandi vexti. Þeir vextir eru líklegri til að verða heldur hærri en hjá ríkinu þar sem ríkið er jafnan metið sem traustasti lántakandi sem kostur er á og fær því hagstæðustu lánskjörin.

Má vel vera að eignatryggingin sem vísað er til vegi þar upp á móti. Eftir stendur þá hagnaðurinn sem rynni til „fagfjárfestanna“ en ella yrði eftir hjá okkur skattgreiðendum. Gleymum því ekki að „fagfjárfestar“ ráðast í einkaframkvæmd til að græða á henni! Þriðja atriðið sem stundum er nefnt af hálfu áróðursmanna fyrir einkaframkvæmd er sú staðhæfing að einkaaðilar geri hlutina á hagkvæmari hátt en ríkið. Þetta segir reynslan erlendis frá ekki vera rétt, enda má ekki gleyma því að jafnvel þótt ríkið annist alla framkvæmdina þá býður það jafnan út við þessar aðstæður einstaka verkþætti en framkvæmir þá ekki sjálft. Þar fyrir utan er það bábilja að ríkið vinni á óhagkvæmari hátt en einkaaðilar. Reyndar er það stórfurðulegt að leyfa sér slíkar fullyrðingar í ljósi okkar eigin reynslu síðustu árin. Í mínum huga skiptir mestu máli að meta aðstæður skynsamlega hverju sinni, nýta kosti markaðarins þar sem það á við en ekki þar sem augljóst er að markaðslausnir stríða gegn almannahagsmunum.

### Rekstrartekjur Landspítalans?

Fram kemur í fréttum að kostnaðaráætlun nýs spítala hljómi upp á 80 milljarða króna, En samkvæmt þessum fréttum þyrfti þetta ekki að verða högg fyrir ríkissjóð enda sé um að ræða „leið sem felur í sér að fjárfestar myndu tryggja byggingu spítalans með kaupum á skuldabréfum sem tryggð væru með framtíðarrekstrartekjum spítalans. Þessi leið er sambærileg þeirri sem farin var í tengslum við bygginguna Hvalfjarðarganga.“ Þannig segir Viðskiptablaðið frá og styðst jafnframt við Fréttablaðið.

**➜ Í þessu samhengi er síðan vísað í framtíðar rekstrartekjur. Hvaðan koma þær? Frá sjúklingum? Varla úr ríkissjóði sem ekki á að verða fyrir neinu teljandi höggi.**

Augnablik. Hvað er hér verið að fara? Hvalfjarðargöngin borgum við algerlega með notendagjöldum. Nú er okkur sagt að nýr Landspítali eigi ekki að verða högg fyrir ríkissjóð því fyrirkomulagið verði það sama. Í þessu samhengi er síðan vísað í framtíðarrekstrartekjur. Hvaðan koma þær? Frá sjúklingum? Varla úr ríkissjóði sem ekki á að verða fyrir neinu teljandi höggi.

### Við borgum óhagræðið að fullu!

Ég leyfi mér að mótmæla þessari ráðagjörð sem annaðhvort byggir á því að við greiðum fyrir nýjan Landspítala að fullu sem skattgreiðendur með tilheyrandi viðbótarálagi miðað við að við fjármögnuðum spítalann milliliðalaust – eða sem er miklu óhugnanlegri framtíðarsýn – að sjúklingarnir borgi með auknum sjúklingagjöldum. Þetta er væntanlega það sem á fínu máli fagfjárfesta heita „rekstrartekjur Landspítalans“.

# Fríverslunarsvæði Evrópu og Bandaríkjanna – Ísland inni eða úti?

UTANRÍKISMÁL



Kristrún Heimisdóttir
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Það er ekki hægt að ofmeta mikilvægi utanríkisviðskipta fyrir Íslendinga. Efist einhverjir um það skyldu þeir kynna sér sögu byggðar í landinu frá öndverðu til okkar daga, því á öllum tímum hefur innflutningur verið lífsspursmál þjóðarinnar og tekjur af útflutningi lífæð.

Það er alltaf nauðsyn en sérlega brýnt úrlausnarefni nú að tryggja þjóðarbúinu auknar útflutningstekjur. Gjaldmiðilskreppan frá 2008 er enn óleyst, gjaldeyrisójöfnuðurinn í uppgjöri þrotabúa bankanna vandi sem ekki sést hvort og hvernig ríkisstjórnin mun leysa. Því er ójafnvægi enn því miður höfuðeinkenni þess efnahagsbata sem þó er blessunarlega orðinn.

**➜ Fríverslunarsamningur ESB og BNA yrði mestu tíðindi í opnun markaða og frelsi viðskipta um langt skeið og hörmuleg og óhugsandi niðurstaða að íslensk viðskipti lendi utan garðs.**

### Tómarúm og óvissa

Á sama tíma er heimspólitíkin að stokkast upp allt í kringum okkur. Það er tómarúm og óvissa í alþjóðakerfinu og ófriður á hættulegra stigi en sést hefur í áratugi. Þá þurfum við Íslendingar að kunna fótum okkar forráð og móta stefnu frjálsra utanríkisviðskipta við önnur frjáls lönd.

Nú standa yfir samningaviðræður um fríverslun Evrópusambandsins og Bandaríkjanna sem Ísland á ekki aðild að. Ástæðan er sú að Ísland er ekki í Evrópusambandinu.

Fríverslunarsamningur ESB og BNA yrði mestu tíðindi í opnun markaða og frelsi viðskipta um langt skeið og hörmuleg og óhugsandi niðurstaða að íslensk viðskipti lendi utan garðs.

### Undravert ævintýri

Íslenskur iðnaður hefur ávallt verið í fararbroddi brýningarinnar um nauðsyn útflutnings og þátttöku í alþjóðasamstarfi um opnun markaða með skýrum tilgangi: Til þess að framleiðslulandið Ísland eignist fyrirtæki á alþjóðavísu – og það hefur tekist. Árangurinn af aðild Íslands að innri markaði Evrópu sem á 20 ára afmæli á þessu ári hefur verið undravert ævintýri – sem stendur ógn af ESB-fjandsamlegri stefnu ríkisstjórnarinnar, hinu nýja haftaástandi í viðskiptum og gjaldmiðli sem allir flýja sem það geta, til dæmis öll þau fjölmörgu glæsilegu sjávarútvegsfyrirtæki sem gera alfarið upp í evrum.

### Viðræður í Hvíta húsinu

Við hjá Samtökum iðnaðarins vorum í sendinefnd Evrópusamtaka atvinnurekenda, Business Europe, sem fór til Washington í vor og fékk aðgang að áhrifafólki í bandarískum stjórnmálum og viðskiptalífi á öllum æðstu stöðum. Þetta gerðum við gagngert til að Ísland ætti andlit og rödd í þessum viðræðum á Capitol Hill, í Hvíta húsinu og hjá Viðskiptaráðinu og til þess að viðstaddir fulltrúar ESB, frá forseta framkvæmdastjórnarinnar Jose Manuel Barroso til ítölsku sex mánaða formennskunnar í sambandinu, sæju að íslenskur iðnaður telur sig sem fyrr eiga heima á Evrópukortinu.

### Skýrari áætlun Norðmanna

EFTA-ríki eins og Ísland sitja ekki við þetta samningaborð. Á samráðsfundi utanríkisráðherra EFTA-ríkjanna, sem fulltrúar atvinnulífs eiga aðgang að og haldinn var í Vestmannaeyjum í júní sl., gengum við skýrt eftir því hvaða sóknaráætlun æðstu stjórnvöld EFTA-ríkjanna hafa til að tryggja hagsmuni sína gagnvart fríverslunarviðræðum ESB og BNA, sem kallast TTIP. Ljóst var að áætlun Norðmanna og Svisslendinga var skýrari og ákveðnari en Íslendinga.

### Víðtækur stuðningur

Samráð utanríkisráðuneytis við atvinnulífið er hafið með samningu skýrslu um hagsmunamat Íslendinga af samningnum en það er ljóst að málið verður að setja í algjöran forgang ríkisstjórnar með sterkari hætti. Fundirnir í Washington í vor sýndu að pólitískur stuðningur við fríverslun er víðtækur og með nýjum tóni endurfæðingar vestrænnar samvinnu. Íslandi hefur ávallt vegnað best þegar viðskipti og þar með samskipti við umheiminn eru frjáls og opin. Það er morgunljóst að Íslandi hefur aldrei tapað né verið ógnað af fríverslun. Enginn veit á þessu stigi hversu vítt og hversu djúpt sjálfur TTIP-samningurinn mun ná, en samdóma álit er að afgerandi pólitískur vilji standi til að samningur takist. Það meginmarkmið verður Ísland að styðja af heilum hug og með virkum hætti. Ísland á heima á fríverslunarsvæði Evrópu og Bandaríkjanna.

## AF NETINU

### Græðgisæðibunugangur í dagsljósið



Græðgisæðibunugangurinn við að framkvæma stærsta „túrbínutrix“ Íslandssögunnar er smám saman að koma betur fram í dagsljósið. Allar flóðgáttir opnuðust árið 2002 þegar ætt var af stað í risaframkvæmdum hvar sem því varð við komið.

Þrátt fyrir heitorð um það að Kárahnjúkavirkjun, stærsta framkvæmd Íslandssögunnar, yrði eina stórframkvæmdin næstu fimm árin, var líka ætt af stað með mestu húsnæðisbólu sögunnar og stórfelldar stóriðjuframkvæmdir á Suðvesturlandi. Reist var fáheyrt og rándýrt monthús yfir OR og byrjaðar framkvæmdir á lóð nýs álvers í Helguvík, þótt alveg væri eftir að finna og tryggja orku til þess og aðeins búið að semja við tvo aðila af minnst tólf sem þurfti að semja við vegna þessarar geggjunar.

omarragnarsson.blog.is

*Ómar Ragnarsson*

### Ekki gleyma okkur sjálfum



Að setja sjálfa(n) sig í fyrsta sæti þýðir ekki að gleyma öllum hinum. Ef við munum eftir að sinna okkur sjálfum og gefum okkur stundir til að endurnærast þá erum við betur í stakk búin til þess að gefa af okkur. Það að gefa af okkur er það sem gefur okkur lífsfyllingu og gleði – og gleðinni fylgir frelsi. Frelsi til að vera við sjálf.

Nú fara skólarnir að hefjast og þá kemst allt í sitt fasta form. Stundum eigum við það til að leyfa annríkinu að gleypa okkur og gleymum hvað það er mikilvægt að eiga líka stundir með okkur sjálfum.

gudrundarshan.blog.is

*Guðrún Darshan*

# VERTU KLÁR Í SKÓLANN ÁFRAM NÁMSMENN




## KLÁRAÐU SKÓLAINNKAUPIN Í ÖRFÁUM SMELLUM Á EYMUNDSSON.IS

www.eymundsson.is/skoli

1 Svæði
2 Skóli
3 Bekkur

Finndu þinn skólalista og kláraðu innkaupin á vefnum okkar. Veldu að sækja í verslun okkar Hallarmúla 4 eða fá pakkann sendan heim að dyrum.

www.eymundsson.is/skoli

Smelltu þér í skólann!




Trélitir Crayola
12 stk. í pk.

Tússpennar Crayola
12 stk. í pk.

Pennaveski, hólkur
(Mia and me, Cut the rope)

Vaxlitir Crayola
8/24 stk. í pk.

Pennaveski, tvöfalt

Pennaveski, einfalt

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugaveg 77
Mjódd - Álfabakka 14b
Kringlunni

Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn Eymundsson

540 2050 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðið gildir frá 15.ágúst til og með 18. ágúst eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Íslenskt kjöt á góðu verði í Bónus Íslenskt kjöt á góðu verði í Bónus

# FERSKT GRÍSAKJÖT




1098 kr. kg

Íslandsgrís **Ferskur úrb. grísahnakki**




1098 kr. kg

Íslandsgrís **Ferskt grísasnitsel**




1098 kr. kg

Íslandsgrís **Ferskt grísagúllas**




998 kr. kg.

Íslandsgrís **Ferskar grísakótilettur**




698 kr. kg.

Íslandsgrís **Ferskt grísahakk**




Sérskorið ferskt lambalæri

1459 kr. kg

**Bónus sérskorið lambalæri:** þá er efsti hluti mjaðmabeins og rófubein skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!



1198 kr. kg

Kaupfél. Skagfirðinga **Frosið heilt lambalæri** *FROSIÐ*



1198 kr. kg

**KS Lamba-Sirloinsneiðar FROSNAR**



1398 kr. kg

Kaupfél. Skagf. **Lambalæri í sneiðum** *FROSIÐ*




3798 kr. kg

Íslandslamb **Ferskt lambafillet**




2998 kr. kg

Íslandslamb **Ferskt lambaprime**




1995 kr. kg.

Bónus **ferskar kjúklingabringur**




698 kr. kg.

Bónus **ferskir kjúklingaleggir**




698 kr. kg.

Bónus **Ferskt kjúklingalæri**



759 kr. kg.

Bónus **Ferskur heill kjúklingur**

ÍSLANDS NAUT



3598 kr. kg.

ÍSLANDSNAUT

**Ferskt ungnautafillet**

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Hollusta á góðu verði í Bónus Hollusta á góðu verði í Bónus
398 kr. kg
Amerískar Sætar kartöflur
LÍFRÆNAR ÍSLENSKAR GULRÆTUR
379 kr. 500g
Akursel
Lífrænar íslenskar gulrætur 500g
298 kr. 250g
NÝIR Íslenskir Kirsuberjatómatar
198 kr. kg.
Hollenskt Iceberg salat
Ferskt íslenskt salat
Bónusblanda
Lambhagi
398 kr 125g
Bónus Lambhagablanda
159 kr. kg.
Frá Spáni Rauð vatnsmelóna
NÝ UPPSKERA
795 kr. kg
Amerísk Rauð og græn vínber
359 kr. kg.
Græn Hollensk paprika
279 kr. kg.
Plómur 1 kg. box
169 kr. kg
Danskar Kartöflur í lausu / Ný uppskera
359 kr. kg.
Rauð Hollensk paprika
279 kr. kg.
Nektarínur 1 kg. box
FRÁBÆR Á GRILLIÐ
159 kr. ca 280g
Amerískur ferskur maís ca. 280g
398 kr. 750g.
Suður-Afríka Avocado í poka 750g
359 kr. kg.
Gul Hollensk paprika
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

†

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**AÐALHEIÐUR THORLACIUS**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þann 1. ágúst sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.



**Gylfi Thorlacius** **Svala Thorlacius**
**Sigríður Thorlacius** **Árni Kolbeinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

Ástkær eiginmaður,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞORSTEINN GÍSLASON**
**skipstjóri,**
**Naustahlein 1, Garðabæ,**

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 12. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.



**Vilborg Vilmundardóttir**
**Vilmundur Þorsteinsson** **Bjarney Jóhanna Sigurleifsdóttir**
**Gísli Þorsteinsson** **Jolanta Salminaite**
**Hrefna Björg Þorsteinsdóttir** **Guðmundur Löve**
**Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir** **Aðalbjörn Þórólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**SIGRÚN JÓHANNESDÓTTIR**
**sjúkraliði,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð mánudaginn 28. júlí.

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**GEIR RUNÓLFSSON**
**bankastarfsmaður,**

lést á Landakotsspítala laugardaginn 2. ágúst.

Útför þeirra fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 18. ágúst kl. 15.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast þeirra er bent á líknarstofnanir.

**F.h. fjölskyldna,**
**Björg J. Snorradóttir**
**Arndís Snorradóttir**
**Sævar Þór Geirsson**
**Gylfi Sigurður Geirsson**
**Jóhanna Elka Geirsdóttir**
**Ingibjörg Guðrún Geirsdóttir**




**ÞETTA GERÐIST:** 15. ÁGÚST 1969

# Woodstock-hátíðin sett

Tónlistarhátíðin kennd við Woodstock var fyrst haldin 15. ágúst árið 1969, eða fyrir 45 árum, og stóð í þrjá daga. Hátíðin var skipulögð af félögunum Michael Lang, John Roberts, Joel Rosenman og Artie Kornfeld og fór fram á túni við mjólkurbú í hinum afskekkta bæ Bethel í New York-fylki í Bandaríkjunum.

Á hátíðinni komu fram helstu tónlistarmenn kenndir við sjötta áratuginn og hippahreyfinguna. Meðal þeirra sem komu fram eru indverski tónlistargúrúinn Ravi Shankar, sem er faðir Noru Jones, Arlo Guthrie, Joan Baez, Grateful Dead, Janis Joplin, Jimi Hendrix, Creedence Clearwater Revival, The Who, Jefferson Airplane og Joe Cocker.

Mörgum þykir Woodstock-hátíðin hippatímabilið í hnotskurn og er hátíðin talin einn af hápunktum tónlistarsögunnar. Um hálf milljón blómabarna heimsótti hátíðina þar sem tónlist, frjálsar ástir og fíkniefnaneysla var í hávegum höfð. Heimildir eru um að tvö börn hafi fæðst á hátíðinni en skuggahliðarnar eru dauðsföll á hátíðinni sem rekja má til neyslu fíkniefna.

Upprunalega kostaði inn á hátíðina sem nemur um 7.000 íslenskum krónum en þegar hún byrjaði flykktist fólk að svæðinu og skipuleggjendur misstu fljótlega tökin. Margar tilraunir hafa verið gerðar í gegnum tíðina til að endurskapa hátíðina án árangurs.



**WOODSTOCK** Blómabörnin flykktust að svæðinu og hlustuðu á góða tónlist. NORDICPHOTOS/AFP

# Fimmtug á hestbaki

## Danska leikkonan Charlotte Böving heldur upp á fimmtugsafmælið sitt í dag. Hún er í hestaferð á Rangárvallaafrétti en býst við einhvers konar veisluhöldum.

Charlotte Böving fagnar fimmtugsafmæli sínu í dag. Hún verður í miðri hestaferð á Rangárvallaafrétti á afmælisdeginum en býst við veisluhöldum af einhverju tagi.

„Það verður kannski eitthvað óvænt á leiðinni, kannski kampavín,“ segir leikkonan hress. Hún er þegar búin að halda upp á afmælið úti í Danmörku með dönsku fjölskyldunni sinni og vinum þar sem haldin var stórveisla með heilgrilluðu lambi.

Hestaferðin er sú fyrsta sem Charlotte skellir sér í í tíu ár og stendur hún yfir í fjóra daga. Fyrst þegar hún kom til Íslands fór hún einmitt í hestaferð hjá Eldhestum, eða árið 1996. „Ég varð svo hrifin af landinu og hestunum að ég ákvað að koma aftur til Íslands hálfu ári seinna. Það var svo mikill kraftur í náttúrunni og hestunum að ég var forvitin að sjá hvernig þessi kraftur rataði í leikhúsið,“ segir hún. Þá kynntist hún einmitt eiginmanni sínum, leikaranum og leikstjóranum Benedikt Erlingssyni.

Aðspurð segir hún það mjög skrítna tilfinningu að verða fimmtug. „Það er svo skrítið með þessar tölur. Allt í einu er fortíðin orðin miklu stærri en framtíðin, að minnsta kosti í árafjölda. Svo er spurning hvernig maður mælir tímann, hvort maður mælir hann í árum eða gæðum.“

Fram undan í leiklistinni hjá Charlotte er leikur í nýjustu mynd Gríms Hákonarsonar, Hrútar, þar sem hún fer með hlutverk dýralæknis. Fyrr á árinu lék hún í sannsögulegri Hollywood-mynd Baltasars Kormáks, Everest, sem verður frumsýnd á næsta ári. Þar lék hún danska konu sem fór upp á Everest en sjálf kleif Charlotte Himalajafjöll árið 1995, eða einu ári áður en atburðirnir í myndinni áttu sér stað.

freyr@frettabladid.is



**AFMÆLISBARN** Leikkonan segir það skrítna tilfinningu að verða fimmtug. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Þegar andlát ber að höndum*

*önnumst við alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi*



Framúrskarandi fyrirtæki 2013

*Við þjónum allan sólarhringinn*

*Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is*

†

Ástkær móðir okkar, amma og langamma,

**ANNA BJÖRNSDÓTTIR**
**frá Siglunesi við Siglufjörð,**

sem andaðist á LSH Fossvogi 8. ágúst sl. verður jarðsungin frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 16. ágúst klukkan 10.30.



**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Björn S. Ólafsson** **María Jóhannsdóttir**
**Kjartan Ólafsson** **Þóra Sigurgeirsdóttir**
**Sigrún Ólafsdóttir**
**Sigríður Ólafsdóttir** **Guðbrandur Ólafsson**
**Sóley Ólafsdóttir** **Björn Z. Ásgrímsson**
**Ólafur Á. Ólafsson** **Pamela Collins Ólafsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.** Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**


ALLT
fyrir skólann
weather report
Úlpa
st. 120-160
vnr. 916860
9.999
weather report
Úlpa
st. 120-160
vnr. 916860
9.999
Bolur
st. 110-150
vnr. 916335
2.999
JEFF®
Buxur
st. 128-176
vnr. 916619
6.999
MAYBEE
Buxur
st. 128-176
vnr. 916595
6.999
Softshell úlpa
st. 128-164
vnr. 916471
11.999
Jakki
st. 130-170
vnr. 916650
4.999
Peysa
st. 140-176
vnr. 916610
5.499
Úlpa
st. 7/8-13
vnr. 916612
7.999
Buxur
st. 7/8-15/16
vnr. 915055
3.999
JEFF®
Buxur
st. 128-176
vnr. 916619
6.999
Gallabuxur
st. 2/3-13/14
vnr. 916443
5.999
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


Bolur
st. 7/8-15/16
vnr. 917544
2.999
Langerma-bolur
st. 7/8-15/16
vnr. 915058
1.999
Buxur
st. 7/8-15/16
vnr. 917533
3.999
Jakkapeysa
st. 92/98-128
vnr. 915460
2.999
Bolur
st. 92/98-128
vnr. 915350
1.999
Pils
st. 92/98-128
vnr. 915467
2.999
Leggings
st. 92/98-128
vnr. 916054
1.299
Rennd hettupeysa
st. 7/8-13
vnr. 917567
3.999
Bolur
st. S-XL
vnr. 909631
2.999
JEFF®
Buxur
st. 128-176
vnr. 916620
6.999
Skyrta
st. 7/8-15/16
vnr. 915841
3.999
Samfestingur
st. 7/8-15/16
vnr. 915059
5.999
FRÁBÆRT VERÐ
Kjóll
st. 90-130
vnr. 915453
2.999
Leggings
st. 90-120
vnr. 916059
1.699
Jogging galli
st. 90-130
vnr. 916291
3.999
Peysa
st. 92/98-128
vnr. 915463
3.999
Buxur
st. 98-128
vnr. 916663
3.999
Loðvesti
st. 92/98-128
vnr. 916082
2.999
Gallabuxur
st. 92/98-128
vnr. 915431
3.999
Bolur
st. 128-176
vnr. 916502
2.999
Bolur
st. 90-130
vnr. 915346
2.999
Gallabuxur
st. 2/3-13/14
vnr. 916443
5.999
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## DANSKIR DAGAR Í STYKKISHÓLMI

**Danskir dagar verða haldnir í Stykkishólmi um helgina í tuttugasta sinn. Á dagskrá er meðal annars brekkusöngur, flugeldasýning, skottmarkaður, kökuátskeppni og bryggjuball.**












**GIRNILEG SÚPA** Uppskeruna úr garðinum má nota í staðinn fyrir núðlurnar í hefðbundinni núðlusúpu með kjúklingi.
MYND/HEILSUMAMMAN.COM

# UPPSKERAN Í POTTINN

**MATUR** *Kálmeti og gulrætur koma upp úr görðum landsmanna þessa dagana. Fólk fékk Oddrúnu Helgu Símonardóttur til að gefa lesendum uppskrift að rjúkandi kjúklingasúpu með íslensku grænmeti.*

Hér er á ferðinni dæmigerð núðlusúpa með taílensku yfirbragði nema ég nota íslenska grænmetið í staðinn fyrir núðlurnar. Fyrir íhaldssama má auðvitað bara bæta núðlum út í áður en súpan er borin fram,“ útskýrir Oddrún Helga Símonardóttir, en hún skellti í rjúkandi kjúklingasúpu með glænýju íslensku grænmeti fyrir Fólk. Oddrún heldur úti matarblogginu heilsumamman.com þar sem hún deilir hollum og girnilegum uppskriftum. Þessa súpu segir hún afar þægilega í kvöldmat fjölskyldunnar.

„Súpan er mjög fljótleg og getur verið komin á borðið 20 mínútum eftir að undirbúningur hefst, ef kjúklingurinn er tilbúinn, en hún verður samt enn betri ef hún fær að standa aðeins eftir að hún er tilbúin.“

**SWEET CHILI-KJÚKLINGASÚPA ÚR GLÆNÝJU ÍSLENSKU GRÆNMETI**

1 tsk. kókosolía
3-4 gulrætur
½ hvítkálshaus
½ rauð paprika
½-1 haus spergilkál (eftir stærð og smekk)
2 cm bútur af engifer eða u.þ.b. 1 msk. rifinn engifer
3 msk. kjúklingakraftur
1 msk. fiskisósa
1 msk. sweet chili sósa
Salt og pipar
2 kjúklingabringur eða magn eftir smekk.

***Aðferð:***

1. Skerið bringurnar í bita. Steikið á pönnu og kryddið eftir smekk eða grillið þær heilar. Þessi súpa er tilvalin fyrir afganga.
2. Hitið kókosolíu í potti og léttsteikið gulrætur og papriku.
3. Rífið engiferið út í pottinn. (Ef þið rífið það með rifjárni losnið þið við „hárin“.
4. Bætið við vatni, kjúklingakrafti, fiskisósu og sweet chili-sósu. Reynið að velja sósu með litlu sykurmagni en hér má líka nota 1 msk. af hlynsírópi eða 1 msk. af kókospálmasykri og krydda með smá chili-kryddi.
5. Bætið hvítkálinu og spergilkálinu út í og leyfið súpunni að malla í 10 mín.
6. Bragðbætið með salti og pipar.

Það er gott að bera súpuna fram með smátt söxuðum vorlauk, fersku kóríanderi og jafnvel salthnetum eða kasjúhnetum.



**MATGÆÐINGUR** Oddrún Helga heldur úti matarblogginu heilsumamman.com.



# ALÞJÓÐLEGUR GÖTUMARKAÐUR

**LITRÍK BLANDA** *Fjölbreytt úrval veitinga og handverks verður á boðstólum á alþjóðlegum götumarkaði sem haldinn er í Hafnarfirði um helgina. Hafnfirskir veitingastaðir munu einnig kynna vörur sínar. Markaðurinn verður í Reykjavík og Kópavogi næstu vikurnar.*

Miðbær Hafnarfjarðar iðar af lífi um helgina þegar alþjóðlegur götumarkaður verður settur upp á Thorsplani. Um er að ræða „gourmet“ matarmarkað sem selur einnig handverk og hönnun frá öllum heimshornum. Það er skoska fyrirtækið Continental Market sem skipuleggur markaðinn í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ en fyrirtækið heldur um 50 markaði víðs vegar um heim á hverju ári. Á sama tíma mun bærinn slá upp götuhátíð í Strandgötu þar sem ýmsir veitingastaðir í bænum munu kynna vörur sínar og þjónustu.

Að sögn Kristins Sæmundssonar hjá Menningar- og listafélagi Hafnarfjarðar, sem kemur að skipulagi götuhátíðarinnar, leggja Skotarnir mikinn metnað í að bjóða eingöngu úrvalsvörur til heimamanna og ferðalanga í þeim tilgangi að kynna hágæða matvöru og handverk. „Þetta á eftir að vera litríkur og skemmtilegur markaður og götuhátíðin sem bætist við á eftir að framkalla einstaka stemningu í miðbænum. Einnig verður boðið upp á tónlistaratriði þar sem meðal annars götutónlistarmenn og plötusnúðar troða upp, auk þess sem Reggíbíllinn mun örugglega mæta. Auk þess verður frítt í bíó í hinu rómaða Bæjarbíói og skottsala verður við verslunarmiðstöðina Fjörðinn.“

Meðal þess sem verður á boðstólum á markaðnum um helgina eru grískar ólífur, handverk frá Afríku og Indónesíu, handtöskur og skartgripir frá Ítalíu og ljúffengir réttir frá ýmsum löndum eins og Tyrklandi, Spáni og Þýskalandi. „Auk þess munu nokkrir veitingastaðir frá Hafnarfirði kynna vörur sínar. Þar verður meðal annars boðið upp á sjávarréttasúpu, vefjur, gúllassúpu, hamborgara og vöfflur.“

Að sögn aðstandenda markaðarins er lögð áhersla á fjölbreytta og vandaða sölubása sem selja einungis gæðavörur víðs vegar að úr heiminum. Markmiðið er að höfða bæði til heimamanna og ferðalanga enda mikil fjölbreytni í boði og líflegt andrúmsloft sem fylgir slíkum farandmörkuðum. „Ég á ekki von á öðru en frábærri stemningu hér um helgina,“ segir Kristinn.

Markaðurinn færir sig svo um set og verður á Ingólfstorgi í Reykjavík dagana 18.-31. ágúst og í Kópavogi 2.-7. september.

Markaðurinn í Hafnarfirði hefst í dag kl. 14 og stendur yfir til kl. 19. Á morgun og sunnudag verður hann opinn milli kl. 12-19. Nánari upplýsingar og dagskrá má finna á vef Hafnarfjarðarbæjar, www.hafnarfjordur.is.




**UNDIR BERU LOFTI** Markaðurinn ferðast víða um heim og verður í miðbæ Hafnarfjarðar um helgina.

MYNDIR/R EINKASAFNI



**MIKIL FJÖLBREYTNI** Girnilegar veitingar og fjölbreytt úrval handverks frá ýmsum heimsálfum er selt á fjölda bása.



**SPENNANDI BRAGÐ** Boðið verður upp á rétti frá Þýskalandi, Tyrklandi og Spáni auk rétta frá veitingastöðum bæjarins.



**FALLEGT HANDVERK** Ýmiss konar handverk verður til sölu á markaðinum.


Færri kíló - Minna ummál
með spínat extrakt
*Merkasta nýja uppgötvunin í heiminum í dag*

**Aptiless** fæst eingöngu í Noregi, Svíþjóð og nú á Íslandi. Hungurtilfinning minnkar strax frá fyrstu notkun. Inniheldur yfir 100 mismunandi próteinefni. Einn skammtur jafngildir fimm bollum af fersku spínati en ***Thylakoids*** *dregur úr hungri Eykur mettun - Minnkar sykurlöngun - Jafnar blóðsykur - Lækkar blóðfitu, kólesterol og blóðþrýsting - Minnkar ummál - Fækkar aukakílóum - Eykur orku - Bætir þarmaflóru. 100% náttúrulegt*

**Vísindaleg sönnun á virkni**
*Rannsóknir gerðar af Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð ásamt fleiri virtum rannsóknarstofnunum.*



Dr. Charlotte Erlanson- Albertsson,
Prófessor við Karólínska
Háskólanum í Lundi í Svíþjóð
mynd:Kennet Ruona




Umboð: www.vitex.is

Fæst í 14 og 28 daga skömmtum. Útsölustaðir flest apótek og heilsubúðir.




Örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. Allt að **20%** meiri vöðvasnerpa, orka, þrek, úthald allt að **30%** meiri súrefnisupptaka, **20%** meiri árangur við æfingar og í keppnum.
Betra blóðflæði - allt að **30%** æðaútvíkkun.

*Hunter Kemper 4 Time U.S. Olympic Triathlete*
*Try it once, and you'll never compete the same."*


## EINFÖLD OG GÓÐ RABARBARAKAKA

*Nú er uppskerutími og einhverjir sem eiga nóg af rabarbara sem þeir vita ekki alveg hvað þeir eiga að gera við. Fyrir þá er tilvalið að skella í þessa einföldu og gómsætu rabarbaraköku.*

1¼ bolli sykur
1 tsk. matarsódi
½ tsk. salt
2 bollar hveiti
2 egg (hrærð)
1 bolli sýrður rjómi
3 bollar niðurskorinn rabarbari

1 bolli sykur
¼ bolli smjör, mjúkt
¼ bolli hveiti
Kanill





**GÓMSÆT** Rabarbarakaka sem er ekki bara góð heldur líka einföld.

**AÐFERÐ**

Hitið ofninn í 175 °C. Smyrjið eldfast mót.

Hrærið saman í stórri skál 1¼ bolla sykur, matarsóda, salt og 2 bolla hveiti. Hrærið eggjum og sýrðum rjóma saman við þangað til blandan er mjúk, bætið síðan rabarbaranum við. Hellið í mótið og dreifið úr deiginu. Hrærið saman í minni skál 1 bolla af sykri og smjöri þar til það er mjúkt. Hrærið ¼ bolla hveiti saman við þar til blandan er mylsnukennd. Stráið blöndunni ofan á kökudeigið í eldfasta mótinu og stráið svo kanil létt yfir allt saman.

Bakið í heitum ofni í um það bil 45 mínútur eða þar til kakan er bökuð í gegn. Gott er að bera kökuna fram með þeyttum rjóma eða ís



# Lífið

FÖSTUDAGUR
15. ÁGÚST 2014

*Þórunn Arna, Salóme og Thelma Marín*
**NÝ ANDLIT Í GRÍNÞÆTTINA STELPURNAR 2**

*Salka Margrét*
**108 SÓLARHYLLINGAR Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM 4**

*Jet Korine*
**KAUPIR MINNA AF FÖTUM OG NOTAR ÞAU MEIRA 8**

*Erna Ómarsdóttir*

## KOMIN Í NÍU TIL FIMM VINNU OG ORÐIN FULLORÐIN

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVER ER?



Nafn?
**Steiney Skúladóttir**
Aldur? **24 ára**

**Starf?**
Ég ætlaði að skrá mig sem drusla í símaskrána um daginn en það mátti ekki.

**Maki?**
Laxa-nigiri er reyndar mitt uppáhalds.

**Stjörnumerki?**
Steingeit eins og Jesús.

**Hvað fékkstu þér í morgunmat?**
Ég hentist inn í Pétursbúð og keypti mér jógúrt.

**Uppáhaldsstaður?**
Í dag væri það Vesturbæjarlaugin því það er sólskin.

**Hreyfing?**
Ég var að byrja í víkingaþreki en annars er ég með gömul skíðalæri.

**Uppáhaldslistamaður?**
Um þessar mundir Dóra Jóhannsdóttir sem er að kenna snilld í Haraldinum.

**Uppáhaldsmynd?**
Mulan.

**A- eða B-manneskja?**
Fer það ekki bara eftir því hvort maður fer snemma eða seint að sofa?

## HVERJIR HVAR?

Það var stuð á karókíkvöldi söngdívunnar Ásdísar Maríu Viðarsdóttur á Dolly í vikunni. Á meðal þeirra sem tóku lagið voru Þuríður Blær Jóhannsdóttir, Reykjavíkurdóttir, en hún tók Eurovision-slagarann Euphoria. Einnig stigu söngkonurnar Karin Sveinsdóttir í Young Karin og Unnur Eggertsdóttir á svið og deildu hljóðnemanum. Í lok kvölds mátti sjá glitta í plötusnúðana og sálarsysturnar Kolbrúnu Klöru og Juliu Ruslanovna að slá í gegn á dansgólfinu.





# LIST NÝIR SPROTAR Í GRÍNFLÓRU ÍSLENSKRA LEIKKVENNA

***Þrjár ungar leikkonur stíga sín fyrstu skref í sketsaleik í Stelpunum í haust.***

Leikkonurnar Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Salóme Rannveig Gunnarsdóttir og Thelma Marín Jónsdóttir koma nýjar inn í aðra þáttaröð Stelpnanna sem frumsýnd verður í haust á Stöð 2.

„Ég dýrkaði þættina þegar þeir byrjuðu,“ segir Þórunn Arna. „Maður leit alltaf rosalega upp til þessara leikkvenna.“

Engin þeirra hefur mikla reynslu af grín- eða sketsaleik og því hleypa þær ferskum andvara inn í þættina. Þær þurftu ekki langan umhugsunarfrest þegar þeim var boðið að taka þátt.

„Að fá tækifæri sem leikkona til að vinna með ótrúlega sterkum hópi leikkvenna með efni sem er samið alfarið af flottum konum. Þetta var „no-brainer“,“ segir Salóme. „Þau hringdu bara og ég sagði já,“ segir hún og hlær.

Thelma Marín er sammála þessu. „Þetta er alveg þvílíkt mikill „girl power“.“

„Þetta eru mín fyrstu spor í gríni. Ég kem mjög fersk inn í þetta,“ segir Thelma og bætir við að þetta sé þar að auki í fyrsta skipti sem hún leikur í sjónvarpi yfirhöfuð ef frá er talið hlutverk fyrir nokkrum árum í þættinum Tíma nornarinnar.

Þórunn hefur heldur ekki mikla reynslu af grínleik. „Þannig að þetta er svolítil áskorun fyrir mig. En ég held að það sé nauðsynlegt að blanda svolítið. Kómíkin lyftir manni upp.“ Hún er spennt fyrir því að fá að búa til marga mismunandi karaktera.



**HÚMORISTAR** Þrátt fyrir að hafa ekki leikið mikið í grínsketsum eru stelpurnar húmoristar að eðlisfari og hláturmildar með eindæmum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leikkonurnar ungu fóru á sína fyrstu æfingu með hópnum í gær en engin þeirra var sérstaklega stressuð fyrir verkefninu. „Ég var bara mjög spennt,“ útskýrir Salóme. „Það þurfti að breyta tímasetningunum og fresta æfingum um einn dag. Mér fannst það mjög erfitt, að þurfa að bíða degi lengur.“

Thelma hefur leikgleðina að leiðarljósi. „Ég hef verið að lesa skagfirskar skemmtivísur til að koma mér í gírinn. Ég get slegið um mig með skagfirsku gríni,“ segir hún hlæjandi.

Stelpurnar eru framleiddar af Saga Film og handritshöfundar eru þær Brynhildur Guðjónsdóttir, María Reyndal, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir og Maríanna Clara Lúthersdóttir.

nanna@frettabladid.is

### *Salóme Rannveig Gunnarsdóttir*



**Fædd:** 1988
**Útskrift:** Vorið 2013
**Fyrri störf:**
París Norðursins
Eldraunin
Óvitarnir
Þingkonurnar
Spamalot

### *Thelma Marín Jónsdóttir*



**Fædd:** 1987
**Útskrift:** Vorið 2013
**Fyrri störf:**
Tími nornarinnar
Sjónvarpsauglýsing KEA-skyr
The Visitors og An Die Musik eftir Ragnar Kjartansson

### *Þórunn Arna Kristjánsdóttir*



**Fædd:** 1983
**Útskrift:** Vorið 2010
**Fyrri störf:**
Karma fyrir fugla
Dýrin í Hálsaskógi
Vesalingarnir
Ballið á Bessastöðum
Litli prinsinn
Málmhaus

MASTERLINE
Professional Beauty
ÉG KÆLI
CREAM GEL
Ég er kælandi fótagel sem dregur í sig þreytu dagsins. Undragel fyrir þreytta og bólgna fætur. Flott blanda með góðum innihaldsefnum eins og myntu og Eucalyptus.


www.master-line.eu
Made in Italy
Fæst í apótekum og Hagkaup

# LÍFIÐ MÆLIR MEÐ

***Prins Póló, beikon og markaðir***



Það er margt skemmtilegt um að vera um helgina svona síðsumars og eftir hitabylgju vikunnar eru flestir í stuði til að lyfta sér upp. Á Húrra í kvöld mun sjálfur **Prins Póló** stíga á svið en hann á eitt vinsælasta lagið um þessar mundir, titillag myndarinnar París norðursins. Prins Póló er hugarsmíð Svavars Péturs Eysteinssonar en með honum eru bóksalinn Kristján Freyr, bóndinn Berglind Häsler og tónskáldið Benedikt Hermann Hermannsson. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.



Á morgun verða svo sannkölluð hátíðahöld á Skólavörðustígnum. Þá mun beikonilmurinn líða um Þingholtin og miðbæinn þar sem **Reykjavik Bacon festival** fer fram. Hátíðin hefur fest sig í sessi meðal landans sem flykkist til að fá sér vel steikt beikon en viðburðurinn stendur frá 14-17.

**Markaðir** verða víða um höfuðborgarsvæðið um helgina. Á morgun verður útimarkaður Íbúasamtaka Laugardals haldinn við smábátahöfnina í Elliðavogi. Markaðurinn stendur frá klukkan 13 til 17 og mun eflaust kenna þar ýmissa grasa. Á sunnudaginn verður svo fatamarkaður á Kexi Hosteli til styrktar börnum í Palestínu. Sá markaður er opinn frá klukkan 14 til 17.



## AUGNABLIKIÐ



Fyrirsætan **Kendall Jenner** stal senunni á rauða dreglinum á Teen Choice-verðlaunahátíðinni sem fór fram í Los Angeles síðustu helgi. Hún var klædd hvítu frá toppi til táar. Buxur með víðum skálmum við einfaldan topp, stílhreint og flott. Hárið og förðunin settu svo punktinn yfir i-ið þar sem einfaldleikinn réð ríkjum í bronsaðri húð og vatnsgreiddu hári.

Lífið
www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
• Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Stefán Karlson**



New Store Opening
Fylgstu með á Facebook
Lindex Iceland
OPNUM
LAUGARDAGINN
16. ÁGÚST
á Glerártorgi, Akureyri
LINDEX

## 10 SPURNINGAR

# VIL UMGANGAST HEILT OG HEIÐARLEGT FÓLK

ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR, ANNAR EIGANDI TRENDNET.IS OG VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

**1. Þegar ég var ung hélt ég að** … málgleðin í mér væri einungis til skemmtunar og samkjaftaði því ekki allan daginn og gaf foreldrunum aldrei frí.

**2. Núna veit ég þó** … að fullorðið fólk þarf stundum frið og ró, því dóttir mín er nákvæmlega sami karakter og ég var.

**3. Ég mun eflaust aldrei skilja** … við verðandi manninn minn því ég elska hann svo mikið.

**4. Ég hef engan sérstakan áhuga á** … að umgangast fólk sem kemur ekki til dyranna eins og það er klætt. Ég hef meiri áhuga á að umgangast fólk sem er heilt og heiðarlegt.



**5. Karlmenn eru** … alls konar fólk, eins og konur.

**6. Ég hef lært að maður á alls ekki að** … sitja á hugmyndum sínum eða draumum – bara láta vaða.

**7. Ég fæ samviskubit þegar ég** … segist ætla að gera eitthvað sem ég stend ekki við, því reyni ég að láta það ekki koma fyrir.

**8. Ég slekk á sjónvarpinu þegar** … aðrir gleyma því, ég horfi eiginlega aldrei á sjónvarp.

**9. Um þessar mundir er ég upptekin af** … verkefnum haustsins sem eru mjög spennandi og skemmtileg. Einnig er ég að koma fjölskyldunni fyrir á nýju heimili í nýju landi.

**10. Ég vildi óska að fleiri vissu af** … í augnablikinu mikilvægi þvottavélar (!) en mín bilaði nefnilega í vikunni og ég vissi það ekki fyrr en núna hvað ég þarfnast hennar mikið. Skrítin ósk.






Jóga er ákaflega slakandi og styrkjandi íþrótt sem byggist á innri friði. MYND/POPUPYOGA

# HEILSA SENDA FRIÐARÁKALL ÚT Í HEIM MEÐ JÓGAÞONI

*„Jóga er alltaf friður og ró," segir formaður Ungmennaráðs UN Women.*

„Við tökumst á við það neikvæða með hinu jákvæða og þess vegna völdum við jóga. Jóga er alltaf friður og ró," segir Salka Margrét Sigurðardóttir, formaður Ungmennaráðs UN Women sem stendur fyrir maraþoni í jóga á laugardaginn í Hljómskálagarðinum, eða svokölluðu jógaþoni.

„Ofbeldi er aldrei friður. Við viljum senda þau skilaboð út í samfélagið að ofbeldi gegn konum eigi ekki að líðast."

Verkefnið er samstarfsverkefni ungmennaráðs UN Women og Pop Up Yoga Reykjavík.

Jógaþonið lýsir sér þannig að þátttakendur gera 108 sólarhyllingar og senda þannig í sameiningu friðarákall út í heiminn um afnám ofbeldis gegn konum. Þrír jógakennarar sjá um að leiða hópinn og skipta þeir á milli sín sólarhyllingunum.

„Byrjendur geta alveg verið með eins og reyndir jógar," útskýrir Salka. „Það verður hægt að hvíla sig á milli og þú átt ekki að ofreyna þig."

Skráning fer fram á unwomen.is og skráningargjald er 2.900 krónur, sem rennur óskipt til verkefna UN Women.

Mikilvægt er að fólk skrái sig með fyrirvara og undirbúi sig bæði líkamlega og andlega. „Þetta er mikil andleg upplifun. Það myndast svo mikill samtakamáttur þegar margir hugsa það sama."

Ungmennaráð UN Women var stofnað fyrir aðeins tveimur árum en þegar hefur ráðið haldið vel heppnaða viðburði. „Við viljum vekja athygli á málefnum kvenna og UN Women fyrir ungu fólki. Ungt fólk getur haft áhrif með vitundarvakningu og framlagi sínu til samfélagsins."



Salka Margrét Sigurðardóttir

*108 hefur í gegnum söguna og í hinum ýmsu trúarbrögðum verið talin heilög tala. Þegar gerðar eru 108 sólarhyllingar er það talið til þess fallið að fagna breytingum eða til þess að boða frið, virðingu og skilning.*

# Miðasala hefst kl. 12 á mánudag

Miðasala í Hörpu og á harpa.is
Miðasölusími 528 5050

**Frumsýning**
**18. október kl. 20**

25. október kl. 20
1. nóvember kl. 20
8. nóvember kl. 20

Sýnt í Eldborg í Hörpu

# DON CARLO

eftir
**Giuseppe Verdi**




Kór og hljómsveit Íslensku óperunnar
Hljómsveitarstjóri: Guðmundur Óli Gunnarsson

Lýsing: Páll Ragnarsson
Búningar og leikmynd: Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir
Leikstjóri: Þórhildur Þorleifsdóttir

ÍSLENSKA ÓPERAN



# MUN EKKI LÁTA DANSARANA BARA STANDA Á SVIÐINU OG ÖSKRA

*Erna Ómarsdóttir hefur verið ráðin listrænn ráðgjafi Íslenska dansflokksins. Hún á glæsilegan dansferil að baki og er margverðlaunuð fyrir verk sín. Erna hefur verið óhrædd við að feta sínar eigin slóðir og mun beina sjónum að þeim sköpunarkrafti sem býr í íslenskum listamönnum í starfi sínu með flokknum.*

Þetta er í fyrsta skipti sem ég er með skrifstofu, svara í símann og með tölvuna mína á sínum stað. Þetta er mjög fullorðins," segir Erna Ómarsdóttir, dansari og danshöfundur og nýráðinn listrænn ráðgjafi Íslenska dansflokksins. „Mér fannst ég þurfa að fara í fínan jakka fyrsta vinnudaginn þannig að ég fékk einn lánaðan hjá mömmu. Ég ætla alltaf að vera voða fín á skrifstofunni því ég er búin að vera í æfingagallanum alla mína tíð."

Erna er einn virtasti dansari og danshöfundur landsins og hefur unnið með fremstu dans- og sviðslistahópum Evrópu. Hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir störf sín sem listamaður, bæði hér heima og erlendis. Erna er þekkt fyrir að vera afar frumleg í verkum sínum og í raun á jaðrinum. Hún hefur verið kölluð Björk dansins og eru þær sagðar eiga meðal annars sameiginlegt að þora að taka áhættu og storka því hefðbundna. Það kom því eflaust einhverjum á óvart að Erna, sem hefur unnið í verkefnum víðs vegar um heiminn alla sína fullorðinstíð, væri orðin ríkisstarfsmaður í níu til fimm vinnu.

„Þetta kom sjálfri mér pínu á óvart. Þetta kom svo óvænt upp og margir hvöttu mig til að sækja um. Fyrst var ég ekki viss um að ég væri rétta manneskjan í þetta en svo fékk ég sterkt á tilfinninguna að þetta væri alveg rétt. Þetta er klárlega formlegri staða en ég hef áður verið í, en það þarf ekki að þýða að þetta verði voða alvarlegt eða leiðinlegra. Alls ekki."

### *Tekur við flokknum eftir átakavetur*

Erna hóf störf núna í vikunni en Lára Stefánsdóttir sagði starfi sínu lausu hjá flokknum í mars síðastliðnum. Starfslokin voru sögð vera vegna listræns ágreinings en dansflokkurinn var töluvert í fréttum í vetur vegna óánægju og átaka innan flokksins. Hvernig er að taka við eftir slíkt?

„Ég veit ekki alveg hvað gekk á enda var ég ekki þarna. Miðað við mína fyrstu daga finn ég mikinn kraft í flokknum og mín tilfinning er að fólk sé í stuði til að prófa eitthvað nýtt með mér. Ég hef mjög góða tilfinningu fyrir vetrinum."

Erna er ráðin til eins árs og segir hún að ekki verði gerðar miklar breytingar á þeim stutta tíma. Óhjákvæmilega fylgi þó nýrri manneskju nýjar áherslur, nýtt tengslanet og ný sýn.

„Ég mun ekki hrista upp í öllu og láta bara dansarana standa á sviðinu og öskra," segir Erna hlæjandi, en ein innsetning eftir Ernu er einmitt öskurklefinn þar sem Reykvíkingum var boðið að fá útrás með því að öskra úr sér lungun. „Mig langar meðal annars til að fá efnilega, íslenska dansara og danshöfunda til að skapa með dönsurum flokksins. Við eigum svo mikið af flottu listafólki sem starfar erlendis og enginn veit af hér heima. Mér finnst eitt af hlutverkum dansflokksins vera að koma þeim á framfæri og nýta sköpunargáfuna sem við eigum. Auðvitað verður líka annað klassískara og gæðin alltaf í fyrirrúmi."

### *Dansarar verða að vera sýnilegri*

En af hverju ætli dansarar og danshöfundar fái svo litla athygli hér á Íslandi? Erna segir að það vanti aukinn fjárhagslegan stuðning við dansinn hér á landi svo hann komist á flug og það sé ekki alltaf hægt að ætlast til þess að listamenn vinni frítt. Einnig eigi margir dansarar það sameiginlegt að vera feimnir og lítið fyrir að tjá sig í fjölmiðlum. Erna segir að dansarar verði að hrista það af sér.

„Ég skil það samt alveg. Ég var sjálf mjög feimin en þetta fylgir starfinu. Við viljum hafa áhrif og þá verðum við að vera sýnileg. Ég er í þessu starfi af því að ég vil koma einhverju á framfæri. Annars væri ég bara í stofunni heima hjá mér að dansa fyrir framan spegilinn," segir Erna og bætir við að hún sé þó alls ekki alltaf svona sjálfsörugg. „Það læðist alltaf að mér einhver efi þegar ég er að búa til verk og mér finnst ég aldrei tilbúin. En það er bannað að hætta við. Maður verður bara að halda áfram og þá gerist oft eitthvað stórkostlegt."

> *„Þetta er klárlega formlegri staða en ég hef áður verið í, en það þarf ekki að þýða að þetta verði voða alvarlegt eða leiðinlegra. Alls ekki."*

**STARF**
Listrænn ráðgjafi Íslenska dansflokksins

**ALDUR** 42 ára

**HJÚSKAPARSTAÐA**
Í sambúð með Valdimar Jóhannssyni

**BÖRN**
Úlfur Óðinn þriggja ára og Urður Æsa eins árs

Undanfarin ár hefur Erna starfað mestmegnis með manninum sínum, Valdimar Jóhannssyni. Þau reka sviðslistahópinn Shalala saman. Stundum vinna þau bara tvö saman en oft fá þau allt upp í tíu aðra listamenn í lið með sér. Þau hafa flakkað um alla Evrópu með verk sín og fengið frábærar viðtökur.

„Við gerum eiginlega allt. Tónlist, dans, gjörning, bara allt sem okkur dettur í hug og mér finnst í raun og veru erfitt að skilgreina nákvæmlega hvað við erum. Valdimar er meira að segja farinn að dansa í verkunum. Hann er svolítið stirður en rosalega flottur."

### *Tvö börn á þremur árum*

Fyrir þremur árum eignuðust Erna og Valdimar sitt fyrsta barn, Úlf Óðin. Hann hefur flakkað með þeim um Evrópu þegar þau eru á sýningarferða-

# GLERAUGU
## &SJÓNMÆLINGAR

**Kynningarblað**
Eyesland, Gleraugnasalan Geisli, Optical Studio og gleraugu fræga fólksins.


Starfsfólk Eyesland tekur vel á móti viðskiptavinum.

# Allir eiga góð gleraugu skilið

Gleraugnaverslunin Eyesland í Glæsibæ býður yfir þúsund gæðagleraugu fyrir allt að 70 prósentum lægra verð en annars staðar.

Það eiga allir skilið að sjá vel," segir Helga Kristinsdóttir, sjóntækjafræðingur og einn eigenda gleraugnaverslunarinnar Eyesland, en hún opnaði verslunina fyrir þremur og hálfu ári þegar henni ofbauð verðlag á gleraugum.

„Gleraugu mega ekki vera munaðarvara fyrir fáa útvalda. Hjá Eyesland höfum við farið óhefðbundnar leiðir í vöruvali til að geta boðið gott verð en við leitum mikið til Bandaríkjanna og Asíu en erum einnig með vörur frá Evrópu," útskýrir Helga en Eyesland býður gleraugu fyrir allt að 70 prósentum lægra verð en annars staðar.

„Hjá okkur kosta gler með einum styrk og umgjörð frá 11.100 krónum og tvískipt gleraugu kosta frá 25.000 krónum. Fólk getur því jafnvel keypt sér þrenn gleraugu á verði einna og margir kaupa sér mörg gleraugu í einu fyrir ólík tækifæri, svo sem íþróttagleraugu, skíðagleraugu, sólgleraugu með styrk, hlaupa- eða göngugleraugu. Þá eru margskipt gleraugu og skipt tölvugleraugu að sækja í sig veðrið. Fólk hefur þá skýra sjón á tölvuna en getur einnig lesið smátt. En margir hafa fram að þessu ekki haft ráð á að fá sér margskipt gleraugu."

### Fleiri merki

Stöðugt er aukið við vöruúrval verslunarinnar og nú hafa bæst við merki eins og Hugo Boss, Gucci, Dior og Tommy Hilfiger. Þá hefur nýtt umboð bæst við gleraugnaflóru verslunarinnar, Red Bull Racing Eyewear.

„Þetta eru flott sólgleraugu og umgjarðir fyrir herra en Red Bull Racing Eyewear hefur slegið í gegn úti í heimi," segir Helga. „Sebastian Vettel, heimsmeistari í Formúlu 1, auglýsir línuna en Red Bull Eyewear notar sömu efni í gleraugnaumgjarðir og notuð eru í kappakstursbílinn."

### Litrík lína fyrir börn

„Við vorum einnig að taka inn nýja barnagleraugnalínu frá Crocs, en margir þekkja léttu og litríku skóna frá því merki. Crocs-gleraugnalínan byggir á sömu hugmynd, gleraugun eru litrík, létt en sterk, með gúmmí í umgjörðunum."

### Fylgihlutir og hjálpartæki

„Við sérhæfum okkur einnig í linsum fyrir fólk með mikla sjónskekkju eða erfiða sjón og í Eyesland fást einnig sjónhjálpartæki fyrir sjónskerta og úrval fylgihluta fyrir gleraugu."

Eyesland gleraugnaverslunin er til húsa á fimmtu hæð í Glæsibæ og opin frá klukkan 8.30 til 17 alla virka daga. Sjá einnig vefverslun á www.eyesland.is.


Helga Kristinsdóttir, sjóntækjafræðingur og einn eigenda gleraugnaverslunarinnar Eyesland.



Verslunin er til húsa á fimmtu hæð í Glæsibæ. Sjá einnig vefverslun á www.eyesland.is.


Eyesland selur sólgleraugu og gleraugnaumgjarðir frá Red Bull Racing Eyewear. Sebastian Vettel, heimsmeistari í Formúlu 1, notar sólgleraugu frá Red Bull Eyewear.


Ný barnagleraugnalína frá Crocs fæst í Eyesland en margir þekkja léttu og litríku skóna frá því merki.

# Gæði og góð þjónusta í hálfa öld

Fjöldi tryggra viðskiptavina hefur skipt við gleraugnaverslunina Geisla undanfarna áratugi. Geisli býður upp á mikið úrval af gleraugum og linsum auk almennra sjón- og linsumælinga. Verslunin hefur reynslumikið starfsfólk sem tekur vel á móti viðskiptavinum.

Gleraugnasalan Geisli á Akureyri er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem hefur starfað í nær hálfa öld. Geisli er í eigu hjónanna Ástu Einarsdóttur og Björns Óskars Björnssonar sjóntækjafræðings sem reka fyrirtækið saman ásamt frábæru starfsfólki. Að sögn Ástu býður Geisli upp á mikið úrval af gleraugum og linsum auk almennra sjón- og linsumælinga. „Við fylgjumst mjög vel með allri þróun og nýjungum enda bjóðum við aðeins upp á það nýjasta og vandaðasta þegar kemur að hönnun gleraugna og linsa. Auk þess erum við í góðu samstarfi við aðra aðila í faginu sem tryggir enn frekar góðar vörur og þjónustu til viðskiptavina okkar.“

Á þeim árum sem Geisli hefur starfað hefur verslunin eignast fjölda fastra viðskiptavina. „Við fáum viðskiptavini sem hafa skipt við okkur í áratugi. Við þekkjum einnig mörg dæmi þess að fólk sem kom hingað upphaflega með foreldrum sínum er að koma með börnin sín eða jafnvel barnabörn. Það sýnir vel í hversu góðum tengslum við erum við viðskiptavini okkar. Enda leggjum við mikið upp úr góðri þjónustu og þar spilar einnig inn í hvað við höfum verið heppin með gott og reynslumikið starfsfólk. Það kemur meira að segja fyrir að við fáum send blóm frá ánægðum viðskiptavinum og við fáum reglulega góðar kveðjur á Facebook-síðu okkar.“ Fyrirtækið hefur verið rekið á sömu kennitölunni í 47 ár sem sýnir glöggt hversu vel rekið það er.



Gleraugnaverslunin Geisli er á tveimur stöðum á Akureyri. MYND/AUÐUNN



Gleraugu eru skart. MYND/ÚR EINKASAFNI

### Fyrstu gleraugun

Eitt það skemmtilegasta við starfið að sögn Ástu er að sjá börn setja upp fyrstu gleraugun sín. „Þau brosa strax út að eyrum enda komin með góða sjón. Börn sem eru með skerta sjón eru fljót að aðlagast raunveruleikanum en þegar þau fá sín fyrstu gleraugu blasir heimurinn við þeim skýr og tær. Ég er búin að setja ansi mörg gleraugu á börn öll þessi ár og það er alltaf mikil og skemmtileg upplifun.“

Meðal þekktra vörumerkja sem Geisli selur eru umgjarðir og sólgleraugu frá Alain Mikli, Ray Ban, Dior, Gucci, Giorgio Armani, Jil Sander, Fendi, Calvin Klein, Karl Lagerfield, Silhouette, Hugo Boss, Lacoste og Max Mara. „Meðal nýrra vara sem við bjóðum upp á eru gul polarized gler í styrk hvers og eins á mjög góðu verði. Þau henta sérstaklega vel fyrir veiðimenn. Við leggjum einnig mikla áherslu á góð og vönduð sólgleraugu sem skipta miklu máli fyrir augun okkar. Við eigum bara eitt par af augum og ber því að hugsa vel um þau.“

Nánari upplýsingar um vörur og þjónustu Geisla má finna á Facebook undir Gleraugnasalan Geisli.

# Þessi hitta naglann á höfuðið

Það er kúnst að finna gleraugnaumgjörð sem hæfir andlitsfalli en takist vel til geta gleraugun skapað mikinn karakter og orðið nánast órjúfanlegur hluti af manneskjunni sem gengur með þau, jafnvel þannig að hún virðist nakin án þeirra. Hér eru nokkrar stjörnur sem hafa sannarlega hitt naglann á höfuðið og bera gleraugun sín með stæl.



Leikkonan Rachael Harris er sjaldan mynduð án gleraugna. Hún er örlítið tileygð. Gleraugun draga athygli frá því..



Þessi umgjörð er eins og sniðin fyrir Justin Timberlake.



Diane Keaton er nánast alltaf með gleraugu og erfitt að ímynda sér hana án þeirra. Þessi dökka umgjörði gefur henni mikinn svip.



Leikkonan Tina Fey virðist hrifin af gleraugum með kattarsniði enda fara þau henni vel.



Hér er Brad Pitt með gleraugu af stærri gerðinni. Þau hæfa honum vel.



Lady Gaga sést oft með óvenjuleg gleraugu. Þessi eru með eðlilegasta móti og fara andlitsfalli hennar vel.



Jennifer Aniston er skarpleit. Örlítið rúnuð umgjörð skapar gott jafnvægi.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Bryndís Hauksdóttir, bryndish@365.is, s. 512-5435 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.




Bið eftir sjónmælingu í Optical Studio er nú mun styttri en áður. MYND/BERNHARD KRISTINN

# Bætt þjónusta og aukið vöruúrval

Optical Studio, gleraugnaverslun í Smáralind, hefur nú verið endurbætt á öllum sviðum. Sérstaklega hefur þjónusta og aðgengi verið bætt. Sjónmælingar eru nú framkvæmdar af fimm sjóntækjafræðingum og er bið eftir sjónmælingu mun styttri en áður.

Optical Studio gleraugnaverslunin hefur verið stækkuð og öll endurnýjuð nú í sumar. „Verslunin hefur verið endurbætt á öllum sviðum en fyrst og fremst höfum við bætt þjónustu, vöruúrval og aðgengi," segir Kjartan Kristjánsson, eigandi Optical Studio og sjóntækjafræðingur.

„Sjónmælingar og linsumátanir eru nú framkvæmdar af fimm sjóntækjafræðingum verslunarinnar en þessi þáttur starfseminnar hefur fengið meira rými en áður og aðstaðan aukin verulega. Bið eftir sjónmælingu er nú mun styttri en áður."

Verslunin í Smáralind er ein af þremur verslunum Optical Studio. Hinar eru staðsettar á Suðurnesjum, í Hafnargötu í Keflavík og á fríhafnarsvæðinu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

„Optical Studio hefur umboð og dreifingu á Íslandi fyrir mörg þekktustu merki gleraugnamarkaðarins en fyrst ber að nefna Ray Ban, Oakley, Prada, Chanel, Lindberg, Gucci, Armani og Tom Ford, auk fjölda annarra framleiðenda. Facebook-síða fyrirtækisins, www.facebook.com/OpticalStudio, gefur góða sýn á þær vörur sem eru vinsælastar og flottastar á hverjum tíma. Þar koma líka fram tilboð og myndir af nýkomnum vörum í verslunum okkar," segir Kjartan.

„Skóladagar eru nú í fullum gangi í verslunum okkar þar sem veittur er tuttugu til þrjátíu prósenta afsláttur á gleraugum með styrkleika."

Tímapantanir fyrir sjónmælingar: Optical Studio Smáralind. s. 528-8500. Optical Studio Keflavík. s. 421-3811. Optical Studio Leifsstöð s. 425-0500.



Verslun Optical Studio í Smáralind hefur verið stórbætt.



Aðgengi í versluninni er gott.



Optical Studio býður upp á mörg þekktustu merki gleraugnamarkaðarins.



## HEILRÆÐI FRÁ BÖRNUM

**Börn sem** nota gleraugu tóku saman heilræði handa öðrum börnum sem nú þurfa að nota gleraugu í fyrsta sinn.

- Ekki hafa áhyggjur af útlitinu þótt þú þurfir að ganga með gleraugu. Það er alltaf hægt að finna gleraugu sem klæða þig vel.
- Settu gleraugun þín alltaf á sama stað svo það sé auðvelt að finna þau.
- Ekki geyma gleraugun nærri smábörnum og gæludýrum.
- Settu gleraugun aldrei í vasann né leggðu þau frá þér á götuna. Þá getur einhver stigið á þau eða þau brotnað í vasanum.
- Geymdu gleraugun alltaf í gleraugnahúsi til að verja þau skemmdum.
- Hreinsaðu gleraugun á hverjum degi. Þá sérðu strax betur út.
- Ekki taka stríðni annarra krakka nærri þér. Láttu þá heyra að það sé ljótt að stríða og segðu þeim að þú notir gleraugu til að sjá betur. Þú getur líka útskýrt fyrir þeim að fleiri en eitt af hverjum tíu grunnskólabörnum þurfi að nota gleraugu og að margt frægt fólk noti gleraugu eða linsur til að sjá betur. Þú þarft heldur ekki að nota gleraugu alla ævi því skipta má yfir í linsur þegar þú eldist.

## EINSTÖK EINGLYRNI

**Einglyrni voru** einkar vinsæl á meðal herforingja og kapítalista á 19. öld en eru nú smátt og smátt aftur að komast í tísku.

Allt frá kaffihúsum Berlínar, írskum knæpum í Dyflinni og fínum veitingastöðum New York má sjá herramenn með einglyrni á lofti og sömuleiðis í auglýsingum og tískutímaritum.

Einglyrni koma sér vel fyrir nærsýna en eru ekki síst yfirlýsing nútímaherramanna sem vilja skapa sér sérstöðu og setja punktinn yfir i-ið í klæðaburði. Tískumógúlar kalla þá „hina nýju aðalsmenn“; stælgæja sem skreyta sig með einglyrni við sérsaumuð tvídföt og þröng stígvél. Aðrir ganga lengra og bera með sér gamaldags sjónauka úr látúni í hliðartöskum.

Tískusveiflan er merki um uppgötvun og nýja upphefð gamals handverks og hafa einglyrni til að mynda verið vinsæl á meðal kokka sem þurfa að sjá betur á uppskriftabókina og næla því í svuntuna sína. Þá er matargestum sem sjá illa á matseðilinn boðið einglyrni til að auðvelda lesturinn.



## SÉRÐU STAFINA?

**Stafaspjald þekkja** velflestir sem nota gleraugu. Stafaspjöld geyma bókstafi, tölustafi eða tákn sem sýnd eru í mislöngum röðum og byrja efst í einum stórum staf en birtast svo í minnkandi letri niður eftir spjaldinu. Til að prófa megi næmi augans eru þeir sem gangast undir sjónmælingu látnir bera kennsl á bók- eða tölustafi spjaldsins.

**Stafaspjöld fyrir** ung börn og ólæsa fullorðna eru með einföldum myndum eða mynstrum. Önnur eru eingöngu með bókstafnum E sem er snúið í ólíkar áttir og þá segir sjúklingurinn til um í hvaða átt E-ið snýr. C-kort hafa svipaða þýðingu og draga úr möguleika á að sjúklingar giski á myndirnar.

**Stafaspjöld eru** vanalega hönnuð til sjónprófa í sex metra fjarlægð en oft og tíðum er þörf á sjónprófum sjúklinga í skemmri fjarlægð og hafa til þess verið hönnuð sérstök stafaspjöld.






AFMÆLISTILBOÐ

VIÐ ERUM 18 ÁRA

FRÍAR SJÓNMÆLINGAR ÚT ÁGÚST
Í TILEFNI AFMÆLISINS

ÉG C
GLERAUGNAVERSLUN
HAMRABORG 10 • SÍMI 554 3200

*„Við viljum hafa áhrif og þá verðum við að vera sýnileg. Ég er í þessu starfi því ég vil koma einhverju á framfæri. Annars væri ég bara í stofunni heima hjá mér að dansa fyrir framan spegilinn.“*

lögum en þegar annað barn þeirra, Urður Æsa, var væntanlegt ákváðu þau að flytja til Íslands.

„Við vorum búin að vera með annan fótinn á Íslandi en hinn í hinum ýmsu löndum. Við fundum að með tvö börn þyrftum við að koma okkur aðeins betur fyrir. Það er svo yndislegt að vera umvafinn fjölskyldu og vinum hér heima og við erum svo heppin að fá mikla aðstoð með börnin, svo við getum haldið áfram að skapa saman, ferðast um og sýna.“

Erna segist hafa verið á báðum áttum með hvort hún ætti að eignast börn. Hún hafi aldrei verið mikil barnagæla og ekki verið viss um að móðurhlutverkið samræmdist dansferlinum. Svo fóru vinkonur og systkini að eignast börn og hún fann hvað það var gefandi að elska svona litla veru.

„Þetta gerir lífið og allt betra, og fer ótrúlega vel saman við sköpunarþörfina. Auðvitað hefur maður minni tíma, það er lítið félagslíf og maður vinnur bara og sinnir fjölskyldunni. Við Valdi vintnum náttúrulega mikið saman og svo bættust börnin við og það varð að einni heild. Eins og fjölskyldufyrirtæki. Þegar ég var ólétt notaði ég til dæmis bumbuna í verkum mínum. Maður breytir bara aðeins til og aðlagar, en börn stoppa ekki sköpunina.“

### Vinnan er ástríða

En það eru breyttir tímar hjá þeim þar sem bæði eru komin í fasta vinnu. Börnin komin með dagvistun í vetur og veturinn verður því ólíkur því sem fjölskyldan hefur kynnst áður. Erna segir að þau séu loksins orðin fullorðin og hún óttast ekkert að henni muni leiðast það.

„Við höldum áfram að sýna verk Shalala. Við vorum búin að skuldbinda okkur áður en ég var ráðin í þetta starf. Það verður bara hollt fyrir mig og dansara dansflokksins að ég þurfi að skreppa út einu sinni í mánuði þar sem ég fæ útrás fyrir sýniþörf mína og þau fá frí frá mér. Svona eins og í góðu ástarsambandi.“

Erna og Valdimar munu sýna nýtt verk eftir sig á Reykjavík Dance Festival í lok mánaðarins og vera með innsetningu á menningarnótt. Sú innsetning mun kallast Raddir Reykjavíkur þar sem boðið verður upp á hljóðbylgjunudd með öskrunum sem söfnuðust í öskurklefanum í fyrra. Erna og Valdimar munu því halda áfram að skapa saman þótt þau séu orðin svona líka fullorðin.

„Þetta er ástríða sem bindur okkur saman. Við höfum oft reynt að fá pössun og eiga rómantískt kvöld án þess að tala um vinnuna. En það gengur aldrei upp. Þangað til við ákváðum bara að fá pössun og eiga rómantískt kvöld og tala allt kvöldið um vinnuna. Það var mjög rómantískt.“

## Myndaalbúmið






Erna og Valdimar í öskurklefanum. • Með fjöllistahópnum Skyr Lee Bob. • Úlfur Óðinn og Urður Æsa. • Á sýningarferðalagi á Ítalíu með fjölskyldunni.





# Ætlar þú í jazz í vetur?

**Innritun fyrir haustönn stendur yfir á www.jsb.is**

## FRAMHALDSNEMENDUR OG NÝNEMAR

### Jazzballett
- Skemmtilegt og fjölbreytt dansnám fyrir stelpur og stráka frá 6 ára aldri
- Í boði eru byrjenda- og framhaldshópar á aldrinum 6-7 ára, 8-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára og 16+
- Uppbyggileg dansþjálfun sem veitir svigrúm til sköpunar og frelsi til tjáningar
- Allir nemendur taka þátt í glæsilegri nemendasýningu í Borgarleikhúsinu á vorönn.

### Dansstudio JSB 20+
- Jazz- og nútímadans fyrir 20 ára og eldri
- Varst þú í jazzballett á þínum yngri árum og langar að halda áfram að dansa?
- Fjölbreytt og skemmtilegt 12 vikna dansnámskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- Bónus - Frír og ótakmarkaður aðgangur að tækjasal JSB og í líkamsræktartíma í opna kerfinu á meðan á námskeiðinu stendur.



### Forskóli fyrir 4-5 ára
Skemmtilegt og fjölbreytt dansnám fyrir börn á aldrinum 4-5 ára. Dansgleði og hreyfifærni nemenda virkjuð í gegnum dans og leiki.

**Nám og kennsla**
Danslistarskóli JSB er viðurkenndur af menntamála-ráðuneytinu sem listdansskóli á grunn- og framhaldsskólastigi.
Nánari upplýsingar um nám við skólann er að finna á www.jsb.is undir Danslistarskóli JSB.

**Kennslustaðir:**
- *Danslistarskóli JSB í Reykjavík, Lágmúla 9 og Laugardalshöll.*

**Kennsla hefst 8. september, vertu með í vetur!**
Rafræn skráning er á www.jsb.is, nánari upplýsingar í síma 581 3730.


Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar

**Viltu gerast vinur JSB?**
Danslistarskóli JSB er á facebook

JSB
DANSLISTARSKÓLI

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun









*Jet Korine segist vera með klassískan stíl og reynir að kaupa bara flíkur sem passa saman.*

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# FATASKÁPURINN JET KORINE

***„Minn stíll er klassískur. Ég er í stríði við fataskápinn minn því ég vil minnka hann, vera aðeins með flíkur í honum sem ég nota. Fólk á of mikið af fötum í fataskápum sínum sem eru í lélegum gæðum og það notar ekkert. Mottóið mitt er að eiga minna og nota meira og ég vil meina að kauphegðun fólks sé lífsstílstengd. Ég kaupi mér bara hluti sem ég veit að passa saman og ég mun nota mikið. Ég hugsa líka þannig þegar ég kaupi inn vörur í búðina mína.“ segir Jet Korine sem er eigandi búðarinnar GLORIU á Laugaveg***



1 „Peysa frá Humanoid, gróft prjónuð eins og verður mikið um í vetur. Hún er eins og kápa yfir sumartímann en svo á veturna verður hún inniflík. Þessi peysa er ein af þeim flíkum sem er alltaf í notkun og ég mæli með því að allir eigi í slíka flík í fataskápnum.“



2 „Hattur frá forte_forte sem fæst í GLORIU. Ég hef alltaf verið hattakona og Íslendingar virðast vera að kveikja á þessu núna. Fylgihlutur vetrarins.“



3 „Þetta er taska frá Jerome Dreyfuss, sem er franskur hönnuður og eiginmaður fatahönnuðarins Isabel Marant. Þessi taska kostaði sitt en ég er búin að eiga hana í níu ár og mér finnst hún bara verða flottari með tímanum. Ég nota hana mikið svo þetta eru kaup sem hafa heldur betur borgað sig.“



4 „Stakur jakki frá forte_forte sem ég nota mikið. Það verða allir að eiga einn almennilegan svartan jakka í fataskápnum. Hægt að para saman við hvað sem er; bæði sparilegur og hvunndags.“



5 „Þetta pils er frá merki í búðinni minni sem heitir forte_forte. Praktískt pils með háu mitti sem maður sér mikið af núna. Það er bæði þægilegt að hreyfa sig í því og það sýnir kvenlegar línur. Flott er að para það saman við skyrtu sem er girt ofan í eða styttri peysu eða bol.“



# GÓÐ LAUSN VIÐ VÖÐVABÓLGU

**Ertu með þreytta vöðva eða aum liðamót? Áttirðu erfiða vinnuviku eða tókstu of vel á því í ræktinni og finnur til í vöðvum sem þú vissir ekki að væru til? Þá kemur Deep Heat til bjargar.**




## Hvað er Deep Heat?

- Deep Heat-vörurnar hjálpa til við að losa um vöðvaverki og spennu.
- Deep Heat fæst sem sprey, baðolía, plástur og krem sem borið er á auma vöðva.




## Hvað er Deep Freeze?

- Deep Freeze-vörurnar eru hannaðar til að kæla meiðsl og sporna við bólgumyndun. Til að lágmarka sársauka þarf að bregðast hratt við og kæla svæðið strax. Deep Freeze hentar vel fyrir harða tæklingu, tognun eða meiðsl og minnkar sársauka, léttir á vöðvaverkjum, kælir og kemur þér aftur af stað.
- Deep Freeze fæst sem sprey sem nota má beint á meiðsl, gel sem nota má á meðan á æfingu stendur eða strax eftir æfingu og kælir þá í allt að 60 mínútur.




## Muscle Rescue – lausn fyrir þig?

- Nýjasti meðlimur Deep Heat-fjölskyldunnar er Muscle Rescue. Flestar konur þjást af vöðvabólgu og þar kemur Muscle Rescue til hjálpar. Kreminu fylgir svampur sem auðveldar smurningu á axlir og háls og einnig er hægt að leggjast í endurnærandi bað með Muscle Rescue-baðolíu.
- Splunkuný Muscle Rescue-línan er með yndislegum rósmarín- og vanilluilmi og því fylgir henni ekki hefðbundin hitakremslykt. Muscle Rescue er tilvalið fyrir skrifstofufólk, námsmenn og alla þá sem finna fyrir bólgum í herðum.

# TÍSKA AFSLAPPAÐUR DANSKUR SUMARSTÍLL

*Þó að haustið sé á næsta leyti hér á landi eru tískuspekúlantar farnir að spá í sumartískunni 2015. Eins og í Kaupmannahöfn, þar sem fram fór tískuvika í síðustu viku þar sem danskir hönnuðir sýndu hvað þeir ætluðu að bjóða upp á næsta sumar. Fjölbreyttur fatnaður hjá þeim hönnuðum sem sýndu en hinn afslappaði danski stíll skein í gegn. Íslenskir innkaupastjórar fjölmenna vanalega á þessa tískuviku svo það má ætla að eitthvað af þessum flíkum rati í verslanir hér á landi næsta vor.*


**NICHOLAS NYBRO**


**VERONICA B VALLENES**


**FREYA DALSJÖ**


**MALENE BIRGER**


**DESIGNERS' REMIX**


**MARK KENLY DOMINO TAN**






# HEILSA SILKIMJÚK HÚÐ MEÐ SÚKKULAÐIMASKA

***Búðu til þinn eigin maska með hráefnum úr eldhúsinu. Hann er fullur af næringu og andoxunarefnum fyrir húðina og er án allra skaðlegra aukaefna. Húðin verður silkimjúk.***

**INNIHALD:**
1 meðalstór lárpera
3 matskeiðar lífrænt hrákakó
2 teskeiðar hrátt og lífrænt hunang
1 matskeið kanill

**LEIÐBEININGAR:**
1.Blandið öllu saman í skál.
2.Nuddið maskanum varlega á andlit og bíðið í 20 mínútur.
3.Hreinsið maskann af með volgu vatni.

Sjá fleiri uppskriftir og fréttir tengdar heilsu á Heilsuvísi – visir.is/lifid/heilsa


SVEFNSÓFAR
Góðir að nóttu sem degi...
IDUN
INNOVATION
RECAST COZ
Tvíbreiður svefnsófi með þykkri og góðri springdýnu. kr. 146.400
RECAST
Tvíbreiður svefnsófi með þykkri og góðri springdýnu. kr. 123.900
Tvíbreiður svefnsófi með þykkri og góðri springdýnu. Rúmfatageymsla í sökkli kr. 259.900
Tvíbreiður svefnsófi með þykkri og góðri springdýnu. Rúmfatageymsla í sökkli kr. 198.900
INNOVATION
UPEND
Tvíbreiður svefnsófi með þykkri og góðri springdýnu. kr. 179.500
UNFURL
Svefnsófi með springdýnu Svefnbreidd 120 cm kr. 109.900
TRYM
Sófar sem breytast í rúm á augabragði..
LÍNAN
BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16

Instagram




**Vogue Paris**

**Instagram.com/vogueparis**

Tískubiblían Vogue í París er með mjög virkan Instagram-reikning þar sem birtar eru fjölbreyttar og flottar myndir og skilaboð til rúmlega 300 þúsund fylgjenda. Þar má sjá bak við tjöldin á tískuvikunni og í tökum, tískupartíin skrásett á filmu og gamlar Vogue-myndir grafnar upp. Eitthvað fyrir tískuáhugamanneskjuna til að fylgjast með.

facebook



**The Coveteur**

**Facebook.com/thecoveteur**

Vefsíðan The Coveteur heldur úti öflugri Facebook-síðu þar sem deilt er öllu því nýjasta frá vefsíðunni. Efnistök The Coveteur snúast fyrst og fremst um það að skyggnast í fataskápa og snyrtivöruhirslur fólks sem á það sameiginlegt að vera einstaklega smart. Skemmtileg síða til að fylgjast með og fá innblástur.

Pinterest



**Thomas Murphy**

**Pinterest.com/therealmurphy/**

